# FRÉTTABLAÐIÐ

182. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 3. ÁGÚST 2018





Gestir hófu að streyma til Vestmannaeyja í gær til þess að sækja hið víðfræga Húkkaraball sem fram fór í gærkvöldi. Hátíðin hefur skipað sér sess meðal vinsælustu útihátíða hér á landi, en Þjóðhátíð verður formlega sett í dag. Búist er við að þúsundir manna leggi leið sína til eyjunnar fögru í ár og er veðurspáin hátíðargestum nokkuð hliðholl. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

# Hærra verð forsenda þess að spá rætist

**Greinendur segja stjórnendur Icelandair Group ekki mega treysta á að flugfargjöld hækki á síðari hluta ársins. Hagfræðingur Íslandsbanka segir ekkert flugfélag vilja verða fyrst til þess að hækka verðið. Til lengri tíma sé skýr fylgni á milli þróunar olíuverðs og fargjalda.**

**VIÐSKIPTI** Sveinn Þórarinsson, greinandi í hagfræðideild Landsbankans, segir það ekki þýða fyrir stjórnendur Icelandair Group að bíða og vona að flugfargjöld hækki. Sú aðferðafræði hafi gengið sér til húðar. „Þeir virðast vera að reyna að velta við hverjum steini til þess að leita hagræðingar en markaðurinn virðist ekki vera sérstaklega sannfærður um að aðgerðir þeirra dugi til,“ nefnir Sveinn.

„Fjárfestar virðast heldur telja að það verði hagstæðar ytri aðstæður, fremur en aðgerðir stjórnendanna, sem muni valda því að afkoman batni.“ Það sé stóri vandinn.

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sagðist á afkomufundi í fyrradag reikna með að fargjöld myndu fara upp á við. Olíuverð, sem er næststærsti kostnaðarliður félagsins, hefði enda hækkað um tugi prósenta undanfarið. „Það er mikil umræða um það á meðal stórra félaga sem starfa á Atlantshafinu að meðalfargjöld séu of lág,“ nefndi forstjórinn.

Viðmælendur Fréttablaðsins á fjármálamarkaði segja að svo virðist sem hærri fargjöld séu forsenda þess að afkomuspá stjórnenda ferðaþjónustufélagsins fyrir árið rætist.

Jón Bjarki Bentsson, aðalhagfræðingur Íslandsbanka, segir merki um að sambandið til skamms tíma á milli verðbreytinga á olíu og flugmiðum sé ekki eins sterkt og áður. Aukin samkeppni komi þar til. Harðari samkeppnismarkaður geri flugfélögum erfiðara fyrir að bregðast hratt við hækkunum á olíuverði.

> **44%**
> er hækkunin á heimsmarkaðsverði á eldsneyti síðustu tólf mánuði.

> Fjárfestar virðast telja að það verði hagstæðar ytri aðstæður, fremur en aðgerðir stjórnendanna, sem muni valda því að afkoman batni.
>
> Sveinn Þórarinsson, greinandi í hagfræðideild Landsbankans

„Það vill væntanlega ekkert flugfélag verða fyrst – á hörðum samkeppnismarkaði – til þess að hækka verð til þess að bregðast við olíuverðshækkunum og missa þannig markaðshlutdeild á meðan önnur félög þreyja þorrann. Þetta var einfaldara mál þegar aðeins tvö flugfélög báru hitann og þungann af farþegaflutningum til og frá landinu.“

Engu að síður segir Jón Bjarki að til lengri tíma sé enn skýr fylgni milli þróunar olíuverðs og fargjalda, eins og hún birtist í vísitölu neysluverðs. Áhrifin séu umtalsverð og komi að jafnaði í gegn á nokkrum mánuðum.

Sveinn segir að ef olíuverð haldist áfram hátt sé afar líklegt að flugfargjöld muni á endanum hækka. Hve miklar hækkanirnar verði og hvort þær dugi til þess að bæta afkomu Icelandair Group sé hins vegar annað mál. **– kij**

## Íhuga að láta þyrlugögn í té

**FLUGMÁL** Landhelgisgæslan íhugar nú hvort Fréttablaðið fái afrit samskipta stofnunarinnar við Airbus.



**Ásgeir Erlendsson, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar.**

Gæslan segir Airbus fullyrða að hrap þyrlu í Suður-Kóreu virðist ekki tengjast gírkassa frá fyrirtækinu. Airbus setti 2016 fram rangar fullyrðingar um orsakir þyrluslyss í Noregi. Óvarlegt virðist því að treysta staðhæfingum fyrirtækisins. Að sögn Ásgeirs Erlendssonar, upplýsingafulltrúa Landhelgisgæslunnar, er nýr leigusamningur um Airbus-þyrlur frá Noregi ekki bindandi. **– gar /** **sjá síðu 4**

## Fréttablaðið í dag





**SKOÐUN** Eyþór Arnalds segir að björgunarbátar séu ekki farþegaskip heldur neyðarúrræði. 8

**SPORT** KSÍ hefur rætt við Svíann Erik Hamrén um að taka við íslenska karlalandsliðinu. 10

**TÍMAMÓT** Eyjólfur Sverris býður til sín afmælisgestum í víkingabúningum. 14

**LÍFIÐ** Glamour segir þér hverju þú átt að pakka niður fyrir útihátíðina um helgina. 24

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**



*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



FJÓRFALDIR VILDARPUNKTAR ICELANDAIR

hjá Olís og ÓB alla verslunarmannahelgina, 2.–6. ágúst

Vinur við veginn olís






Ekki missa af skemmtiskokkinu

Skráning á rmi.is

## Veður




Gengur í suðaustankalda með rigningu sunnan- og vestanlands, annars heldur hægari og víða síðdegisskúrir. Dregur úr vindi og úrkomu um kvöldið. SJÁ SÍÐU 16

# Mannskæð hitabylgja

**VEÐUR** Hiti fór yfir fjörutíu stig á Íberíuskaga í gær þegar heitt loft frá Afríku streymdi þar yfir. Veðurstofa Spánar gaf út viðvörun sem gildir fram á sunnudag og varaði við því að hitabylgjan verði einna mest og langlífust í suðvesturhluta landsins.

Meteoalarm, viðvörunarsíða opinberra veðurstofa Evrópu, gaf út viðvörun á rauðu stigi þar sem fram kom að hitabylgjan væri afar hættuleg og ógnaði lífi fólks í suðurhluta Portúgals og Badajoz-héraði Spánar.

Samkvæmt MeteoGroup fór hitinn á svæðinu hæst upp í 47 stig í gær. MeteoGroup spáði því svo í gær að líklegt verði að dagurinn í dag og morgundagurinn verði heitustu dagar hitabylgjunnar og að talsverðar líkur séu á því að evrópskt hitamet verði slegið.

Það hitamet var sett í Aþenu í júlí árið 1977, 48 stig. MeteoGroup mat stöðuna sem svo að fjörutíu prósent líkur væru á því að metið verði jafnað, 25 til 30 prósent líkur á því að það verði slegið. – **þea**

# Gleði víða um land um helgina

**SAMFÉLAG** Bæjar- og útihátíðir fara fram víða um land nú um helgina. Í höfuðborginni, nánar tiltekið á Húrra og Gauknum, fer fram tónlistarhátíðin Innipúkinn og í Þorlákshöfn Unglingalandsmót UMFÍ.

Sæludagar KFUK og KFUM verða í Vatnaskógi og Kotmót Hvítasunnukirkjunnar í Fljótshlíð. Þá eru Íslensku sumarleikarnir á Akureyri þar sem keppt verður í jaðaríþróttum.

Pönkinu er fagnað á Norðanpaunki á Laugarbakka. Í Neskaupstað fer fram Neistaflug og í Bolungarvík Evrópumeistaramótið í mýrarbolta. Útihátíð verður á Flúðum, Síldarævintýri á Siglufirði og Þjóðhátíð í Heimaey. – **þea**

# Vinir við dorgveiði




**Þessir** ungu vinir voru önnum kafnir við veiðar við Grandagarð. Þegar ljósmyndara blaðsins bar að garði var færið fast í botni og drengirnir í óða önn að leysa úr því. Það var þó huggun harmi gegn að þeir höfðu þá þegar landað ýsu, þorski og skötu, að eigin sögn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

# Sigtryggur mun aðstoða Sigurð

**STJÓRNMÁL** Sigtryggur Magnason hefur verið ráðinn aðstoðarmaður Sigurðar Inga Jóhannssonar, samgönguráðherra. Sigtryggur tekur við af Ágústi Bjarna Garðarssyni og mun starfa við hlið Ingveldar Sæmundsdóttur.

Sigtryggur hefur undanfarið starfað hjá auglýsingastofunni Hvíta húsinu en var áður hjá Íslensku auglýsingastofunni. Þá á hann að baki feril í fjölmiðlum.



**Sigtryggur Magnason.**

Á árunum 2009-2010 var hann aðstoðarmaður Katrínar Jakobsdóttur, sem var þá mennta- og menningarmálaráðherra. – **sar**

# Íssólgnir landsmenn láta veður ekki á sig fá

**Ísmaðurinn Daníel Heide Sævarsson segir blússandi sölu í ísbílnum þó það rigni, líkt og Reykvíkingar hafa kynnst í sumar. Sólin skemmi þó ekki fyrir sölunni, en mest sé selt í kringum jól. Einn ísbíll er með allt að tonni af ís í bílnum.**

**SAMFÉLAG** Líkt og landsmenn vita verður tæplega talað um að sumarveður hafi verið í Reykjavík undanfarna mánuði. Þrátt fyrir veðurhörmungar höfuðborgarbúa er sala á ís úr Ísbílnum með besta móti. Daníel Heide Sævarsson ísbílstjóri – eða ísmaðurinn, eins og börnin kalla hann – segir að Íslendingar kaupi sér ís sama hvernig viðrar.

„Reykvíkingar eru kannski þreyttir á veðrinu, en þeir taka þá bara sumarið með sér inn í stofu," segir Daníel.

Ísbíllinn er nokkurs konar ísbúð á hjólum. Hver bíll , en þeir eru tólf talsins á ferð á hverjum tíma, er með allt að tonn af ís um borð og stoppar á 50 til 100 stöðum á dag. Ísbílarnir ferðast um allt land, og er Daníel nýkominn úr sex daga ferð í Skagafjörð þar sem hann segist hafa gert gott mót.




**Ísmaðurinn Daníel nýkominn úr ferð í Skagafjörð.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORSTEINN

„Það er blússandi sala úti á landi. Ef það er sól er salan frábær, sérstaklega ef það hefur rignt í einhverja daga á undan," en sólin hefur mun frekar brosað við landsbyggðinni en höfuðborginni þetta sumarið.

Ísbíllinn var umkringdur íssólgnum Reykvíkingum seinni partinn í gær í Hlíðunum þegar blaðamann bar að garði. „Við reynum að heimsækja sömu hverfin reglulega," segir Daníel og heldur áfram. „Við reynum líka að vera í sömu hverfum á sama degi vikunnar, þá veit fólk frekar af okkur."

Hann segir að þegar sólin loksins láti sjá sig skemmi það ekki fyrir sölu á svalandi íspinnum. „Fyrirtæki hringja reglulega og biðja okkur um að koma. Einn daginn í júlí hringdu sex fyrirtæki á sama tíma um leið og sólin braust í gegnum skýin."

> Einn daginn í júlí hringdu sex fyrirtæki á sama tíma um leið og sólin braust í gegnum skýin
>
> Daníel Heide Sævarsson, ísbílstjóri

Ísbílarnir eru einnig á ferð yfir veturinn og segir Daníel söluna í desember glettilega mikla.

„Við förum í ferðir stuttu fyrir jól. Salan er eiginlega best í jólaferðunum," segir hann.

„Við erum með mikið úrval, 45 stakar tegundir af ís og fjölskyldupakka líka." Hann segir að margar af þeim tegundum sem til sölu eru í bílnum fáist hvergi annars staðar á landinu. „Við erum með ís sem er úti um allt á Norðurlöndunum, en sést ekki á Íslandi."

**jonasmar@frettabladid.is**







HYBRID Orkuskiptin eru hafin!

**Vertu Hybrid megin í umferðinni ásamt 11 milljónum ökumanna um heim allan.**
Hybrid bílarnir frá Toyota eru einstaklega áreiðanlegir og liprir í akstri. Þeir eru búnir hátæknilegum búnaði þar sem kerfið sér sjálft um að skipta milli bensínmótors og rafhlöðu á orkusparandi hátt. Rafhlaðan er hönnuð til að endast líftíma bílsins og þú þarft aldrei að stinga í samband! Veldu kraft, fegurð og framfarir, og færðu þig yfir á Hybrid í dag.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**Vildarpunktar Icelandair með öllum nýjum Toyotum**

3+2 ÁBYRGÐ — 2 ÁRA ÞJÓNUSTA — FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARe og ENEA á aksturstíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á www.toyota.is.
Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bílarnir í þessari auglýsingu endurspegla ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Segir gjaldahækkanirnar í þjóðgörðunum til að tryggja jafnræði

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Gjaldskrá Vatnajökulsþjóðgarðs er endurskoðuð með reglubundnum hætti og núna haldast flestir liðir óbreyttir milli ára. Gjaldskráin er í mörgum liðum og í sumum tilvikum er hún jafnvel að lækka,“ segir Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri þjóðgarðsins.

Í aðsendri grein í Fréttablaðinu í fyrradag gagnrýndi Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, stjórnsýslu þjóðgarðanna harðlega. Sagði hún fyrirvaralausar gjaldahækkanir óskiljanlegar og virðingarleysi við ferðaþjónustuaðila. Þá gagnrýndi hún stjórnir þjóðgarða fyrir samráðsleysi.

Magnús segir að hækkanir á svæðisgjöldum fyrir hópbíla sem Bjarnheiður geri að umtalsefni vera gerðar til að tryggja jafnræði gesta. „Við viljum tryggja jafnræði við þá sem eru á fólksbílum svo þeir séu ekki að borga margfalt hærra gjald á mann. Þessar hækkanir eru ekki miklar í krónutölum og því má ekki einblína á einhverja eina prósentuhækkun og alhæfa út frá henni.“

Að sögn Magnúsar er stóra málið hins vegar það gríðarlega álag sem sé á þjóðgarðinum. „Við erum að reyna að ná tökum á því. Það kemur um það bil ein milljón gesta í Skaftafell á ári og örlítið færri í Jökulsárlón en þeim fer fjölgandi. Við þurfum að tryggja að náttúran verði ekki fyrir skaða og um leið að upplifun gesta sé sem best.“

Varðandi skort á samvinnu segir Magnús að fulltrúar þjóðgarðsins séu ávallt reiðubúnir til samtals og samvinnu. „Við eigum í góðu samstarfi við marga ferðaþjónustuaðila. Gjaldtaka er pólitískt og viðkvæmt viðfangsefni. Við erum hins vegar neydd til gjaldtöku til að geta veitt þá þjónustu sem gestir gera kröfur um.“ – **sar**



**Gríðarlegur fjöldi ferðamanna heimsækir Vatnajökulsþjóðgarð á hverju ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Hagnaður Arion dróst saman um 56 prósent

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Arion banka nam 3,1 milljarði króna á öðrum fjórðungi ársins og dróst saman um 56 prósent frá fyrra ári þegar hann nam 7,1 milljarði króna. Arðsemi eigin fjár var 5,9 prósent á ársfjórðungnum en til samanburðar var arðsemin 13 prósent á sama tímabili í fyrra, samkvæmt afkomutilkynningu bankans.

Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri, segir afkomu bankans á öðrum ársfjórðungi í takt við væntingar eftir erfiðan fyrsta fjórðung. Hann segir bankann jafnframt hafa fengið alþjóðlega ráðgjafa til liðs við sig til þess að meta hvernig best sé að haga framtíðareignarhaldi dótturfélagsins Valitors. Fjárfestar hafi sýnt stöðu og þróun kortafyrirtækisins áhuga. – **kij**

## Dohop snýr rekstrinum við

**VIÐSKIPTI** Nýsköpunarfyrirtækið Dohop skilaði ríflega fimm milljón króna hagnaði á síðasta ári samkvæmt ársreikningi. Til samanburðar tapaði félagið 204 milljónum króna árið 2016.

Rekstrartekjur Dohop, sem á meðal annars og rekur ferða- og flugleitarvélina Dohop.is, námu tæpum 396 milljónum króna í fyrra og jukust um 30 prósent frá fyrra ári þegar þær voru 304 milljónir. Rekstrargjöldin voru um 384 milljónir á árinu og lækkuðu um 23 prósent á milli ára.

Félagið Vivaldi Ísland, í eigu Jóns von Tetzchner, var stærsti hluthafi Dohop í lok síðasta árs með 17,4 prósenta hlut en Frosti Sigurjónsson var sá næststærsti með 12,6 prósenta hlut. – **kij**

# Beiðni um gögn í þyrlumálinu í skoðun hjá Landhelgisgæslunni

**Landhelgisgæslan íhugar nú hvort Fréttablaðið fái afrit samskipta stofnunarinnar við Airbus. Gæslan segir Airbus fullyrða að nýlegt hrap þyrlu í Suður-Kóreu virðist ekki tengjast gírkassa frá fyrirtækinu. Airbus hefur áður sett fram rangar fullyrðingar varðandi þyrluslys. Gæslan segir samning um þyrlur ekki bindandi.**

**FLUGMÁL** Landhelgisgæslan segir að skoðun á máli „er varðar leigu á tveimur Super Puma H225 þyrlum í eigu norska fyrirtækisins Knut Axel Ugland Holding AS“ sé enn í gangi. „Og er gert ráð fyrir hún taki nokkrar vikur til viðbótar,“ segir í svari frá Ásgeiri Erlendssyni upplýsingafulltrúa.

„Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að þyrla í eigu suðurkóreska hersins, sem er annarrar tegundar, hefði farist fyrr í mánuðinum,“ segir í svari Ásgeirs. „Samkvæmt upplýsingum sem Landhelgisgæslan hefur frá Airbus og fleirum virðist ekki vera um eins atvik að ræða og fyrri slys sem tengst hafa bilunum í gírkassa. Við tökum þessu alvarlega og teljum ástæðu til að skoða málið vandlega.“

Í kjölfar fréttar Fréttablaðsins sem Ásgeir vitnar til kom einmitt fram hjá fulltrúum Landhelgisgæslunnar í frétt RÚV að Airbus teldi að ástæðu þess að spaðar losnuðu af herþyrlu í Suður-Kóreu 17. júlí síðastliðinn mætti ekki rekja til gírkassa vélarinnar. Fréttablaðið hafði bent á að Airbus framleiðir gírkassa í umrædda þyrlutegund sem var kyrrsett um skeið í kjölfar mannskæðs slyss í Noregi 2016.

Óvíst er að hægt sé að treysta upplýsingum Airbus í þessum efnum. Um mánuði eftir að Super Puma þyrla frá Airbus hrapaði í Noregi 29. apríl 2016 gaf Airbus út yfirlýsingu um hugsanlegar orsakir.



**Fimm fórust í þyrluslysi í Suður-Kóreu 17. júlí síðastliðinn.** MYND/SKJÁSKOT

Það þótti óvenjulegt á upphafsdögum rannsóknar að því er kom fram í frétt Reuters-fréttastofunnar.

Airbus sagði að líklegast hefðu festingar gefið sig frekar en gírkassinn og þess vegna hefðu spaðar þyrlunnar losnað af og hún hrapað.

Hið rétta var, eins flugslysanefnd í Noregi hafði þá þegar sagt mögulegt og rannsókn nefndarinnar leiddi síðan í ljós, að einmitt málmþreyta í gírkassa var orsök slyssins. Sambærilegur galli varð til þess að Super Puma þyrla hrapaði í Skotlandi árið 2009.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu þá lýsir norska flugslysanefndin í lokaskýrslu sinni um slysið 2016 því hvernig Airbus sýndi ónógan samstarfsvilja við rannsóknina. Eru yfirvöld hvött til að herða reglur um upplýsingaskyldu flugvélaframleiðenda. Þá hefur Airbus verið sakað um hafa leynt upplýsingum eftir slysið í Skotlandi 2009.

Óvíst er hvenær niðurstöður rannsóknar á þyrluslysinu í Suður-Kóreu á dögunum liggja fyrir. Á blaðamannafundi eftir slysið lýstu aðstandendur hermannanna sem fórust strax áhyggjum af því að orsökin yrði aldrei opinberuð þar sem rannsóknin væri alfarið í höndum hersins og án allrar aðkomu flugslysanefndar í landinu.

Landhelgisgæslan gekk í lok maí að „tilboði aldarinnar“ frá þyrluleigusala sínum, Knut Axel Ugland Holding AS, um að taka við tveimur Super Puma H225 þyrlum í stað tveggja eldri véla. Nýju vélarnar eru með gírkassa þeirrar tegundar sem var í þyrlunum sem fórust í fyrrnefndum slysum. Þótt Airbus hafi gert tilteknar ráðstafanir telur norska flugslysanefndin að nauðsynlegt sé að hanna gírkassana upp á nýtt.

„Samkomulagið sem gert var við norska fyrirtækið í lok maí felur ekki í sér bindandi leigusamning fyrir Landhelgisgæsluna,“ segir í svari Landhelgisgæslunnar er spurt er hvort halda eigi nýja samningnum til streitu. „Öryggi áhafna okkar og annarra skiptir okkur höfuðmáli og ef skoðunin leiðir í ljós að það er ekki tryggt hefur Landhelgisgæslan öll tækifæri til að slíta samkomulaginu.“

Í ljósi fullyrðinganna um að Airbus og aðrir teldu slysið í Suður-Kóreu hafa orðið með öðrum hætti en slysin í Noregi og Skotlandi óskaði Fréttablaðið eftir því fyrir viku að fá afrit af þeim upplýsingum. Óljóst er hvort orðið verður við því.

„Landhelgisgæslan mun skoða beiðni Fréttablaðsins um afrit af samskiptum eins og óskað hefur verið eftir,“ segir í svari upplýsingafulltrúans. **gar@frettabladid.is**



# KRÓNAN

#Grillsnilld




Silver Spring sósur, verð frá:

**299** kr. stk.



# Pylsupulsu partý!




Osta og beikon pylsubrauð

**369** kr. pk.




Goða gæða grillpylsur - 260 g

**549** kr. pk.

## OPIÐ

VERSLUNARMANNAHELGINA*

*Sjá nánar afgreiðslutíma verslanna á www.kronan.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# Ólíklegt að hagræðingarásakanir hætti

**Fyrstu forsetakosningar Simbabve eftir valdatíð Mugabes fóru fram á mánudag. Niðurstöður kynntar í gærkvöldi. Útlit fyrir sigur sitjandi forseta. Stjórnarandstæðingar sögðu að niðurstöðunum yrði hagrætt. Sex stuðningsmenn Chamisa létust í vikunni eftir átök.**

**SIMBABVE** Allt leit út fyrir að Emmerson Mnangagwa yrði endurkjörinn forseti Simbabve þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Ekki lá fyrir hverjar endanlegar tölur voru en það átti eftir að tilkynna um niðurstöður úr einu kjördæmi. Mnangagwa var þá með drjúgt forskot og síðasta kjördæmið dreifbýlt höfuðvígi flokks hans, Afríska þjóðarbandalags Simbabve (ZANU-PF).

Mnangagwa tók við embættinu eftir að Robert Mugabe var steypt af stóli í nóvember síðastliðnum. Báðir eru þeir ZANU-menn.

Chamisa naut mests stuðnings í höfuðborginni Harare og Bulawayo, næstfjölmennustu borg landsins. Mnangagwa átti hins vegar stuðning dreifbýliskjördæma vísan og dugaði það honum til sigurs. Kjörsókn var víðast hvar sögð mikil, tæp níutíu prósent, en það stangast á við ummæli formanns landskjörstjórnar frá því á mánudag þegar hún sagði kjörsókn vera 75 prósent.

Mnangagwa mun án nokkurs vafa einblína á efnahagsmálin, líkt og hann sagðist ætla að gera þegar hann tók fyrst við forsetaembættinu á síðasta ári. Atvinnuleysi er á meðal helstu áhyggjuefna kjósenda.

Undanfarnar vikur hafa verið stormasamar í Simbabve. Forsetakosningarnar, sem áttu að snúast um nýja framtíð Afríkuríkisins eftir áratugalanga og erfiða valdatíð Mugabes, hafa síður en svo orðið til þess að sameina landsmenn.

MDC-liðar hafa ítrekað haldið því fram að til hafi staðið að hagræða kosningunum, Mnangagwa í hag og er ólíklegt að þær ásakanir hætti miðað við úrslitin. News Day greindi til að mynda frá því í júlí að lögregluþjónar í Bulawayo hafi verið neyddir til þess að greiða atkvæði svo yfirmenn sæju til er þeir greiddu atkvæði utan kjörfundar.

Þá ákvað Mnangagwa í mars að Simbabvemenn búsettir utan landsins myndu ekki fá að kjósa vegna erfiðleika við að koma upp kjörstöðum. Þetta gagnrýndu MDC-liðar mjög sem og eftirlitsaðilar en landskjörstjórn hafði árið 2015 gefið loforð um að viðkomandi fengju að kjósa í kosningunum. Málið fór fyrir dómstóla, sem úrskurðuðu Mnangagwa í hag.

Elmar Brok, sem fór fyrir sveit kosningaeftirlitsfólks Evrópusambandsins, sagði á kjördag að starfslið hans hafi tekið eftir því að mikið misræmi væri á milli þess hversu hratt atkvæðagreiðsla gengi fyrir sig eftir kjörstöðum. Sums staðar hafi kjörstaðir verið í uppnámi og fólk hafi farið án þess að kjósa.

Benti Brok svo á dæmi um að ZANU-PF hafi flutt hundrað kjósendur með rútu yfir í annað kjördæmi og viðkomandi hafi fengið að kjósa þar. Óljóst væri hvort það væri einstakt dæmi eða hluti af mynstri sem gæti skekkt úrslitin.

Degi eftir kosningarnar lýsti MDC því yfir að flokkurinn hefði borið sigur úr býtum í forsetakosningunum og hélt þeirri línu allt þar til í gær, þrátt fyrir að kjörstjórn hefði ekki tilkynnt úrslitin enn.

Eftir að það dróst á langinn að tilkynna úrslitin urðu MDC-liðar óþreyjufullir og það bætti gráu ofan á svart þegar landskjörstjórn tilkynnti á miðvikudag að ZANU-PF hefði unnið stórsigur í þingkosningunum og að úrslit forsetakosninganna yrðu ekki kunngjörð fyrr en degi síðar. Þótti sumum það merki um vanhæfni kjörstjórnar en öðrum að verið væri að eiga við niðurstöðurnar.

„Herra Mnangagwa veit það vel að hann hefur tapað. Ef hann hefði unnið hefðu niðurstöðurnar verið kynntar fyrir löngu síðan en nú er kjörstjórnin að eiga við tölurnar til þess að ná fram uppskálduðum og fölskum niðurstöðum,“ sagði Chamisa við blaðamenn áður en niðurstöður voru kynntar í gær.

Róstur brutust þá út í höfuðborginni Harare, höfuðvígi MDC. Tókust stuðningsmenn Chamisa á við bæði herinn og lögreglu og fréttir voru sagðar af því að herinn hefði skotið á mótmælendur. Sex létu lífið og fjórtán særðust. Hernum tókst loks að kveða átökin niður. Chamisa var ósáttur og sagði herinn hafa gengið of hart fram gegn mótmælendum.

Mnangagwa sagði í yfirlýsingu á Twitter að hann vottaði fjölskyldum fórnarlamba átakanna samúð sína en að mikilvægast væri að taka höndum saman í sátt. Jafnframt sagði hann starfslið sitt hafa átt í samræðum við Chamisa um hvernig hægt sé að draga úr togstreitunni í landinu. **thorgnyr@frettabladid.is**



Emmerson Mnangagwa var í góðri stöðu þegar Fréttablaðið fór í prentun og stefndi allt í sigur hans. NORDICPHOTOS/AFP




Eindagi bifreiðagjalda er 15. ágúst næstkomandi

Greiðsluseðill bifreiðagjalda birtist eingöngu á rafrænu formi í pósthólfinu á island.is og sem krafa í netbanka.

Hægt er að óska eftir útprentuðum seðlum hjá Þjónustuveri Tollstjóra í síma **560-0300** eða á **fyrirspurn@tollur.is**

Stafrænt Ísland · island.is · fjs · RSK


# Áhyggjur af nýjum ebólufaraldri

**AUSTUR-KONGÓ** Ómögulegt gæti reynst að bólusetja íbúa Austur-Kongó við ebólu til að hefta útbreiðslu hins nýja ebólufaraldurs sem geisar þar í landi. Þetta sagði Peter Salama, yfirmaður hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO), við Reuters í gær.

Fjögur smit hafa verið staðfest en talið er að allt að tuttugu gætu hafa látist í faraldrinum nú þegar. Að sögn Salama hefur reynst erfitt að bera kennsl á hvaða afbrigði ebólu er um að ræða. Hvort það sé Zaire-, Súdans- eða Bundibugyo-ebóla.

Salama sagði að ef um Zaire-ebólu væri að ræða gæti verið hægt að nota sama bóluefni og var notað þegar síðasti faraldur geisaði. Það bóluefni er eina ebólu-bóluefnið sem hefur staðist þriðja stigs prófanir. „Ef ekki þá þurfum við að skoða flóknari valmöguleika, jafnvel munum við ekki hafa neina möguleika í þeirri stöðu.“

Í gær var tilraunastofa sett upp í borginni Beni í norðausturhluta landsins, stutt frá staðnum þar sem faraldurinn geisar. Yfirvöld í Austur-Kongó lýstu því yfir á miðvikudag að um faraldur væri að ræða. Á þriðjudag var því hins vegar lýst yfir að faraldrinum, sem geisað hafði í norðvesturhluta landsins og kostað 33 lífið, væri lokið. **– þea**



Ómögulegt gæti reynst að bólusetja við ebólufaraldri. NORDICPHOTOS/AFP

# Ferðafólk haldi sig fjarri farvegi Skaftár

**NÁTTÚRA** Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra hefur hvorki virkjað rýmingaráætlun né neyðaráætlun vegna hlaups í Skaftá. Hættustig er einnig óbreytt. Ekkert hefur verið rætt um að rýma hálendið í kringum Skaftárjökul.

Veðurstofan tilkynnti í gær að Skaftárhlaup væri hafið og að hlaupið brytist væntanlega undan jöklinum um aðfaranótt morgundagsins, það næði svo hámarki snemma á sunnudag. Samkvæmt Veðurstofunni er þó útlit fyrir að hlaupið verði minna en hlaupið 2015 þar sem styttri tími líður nú á milli hlaupa.

**» Hlaup brýst væntanlega fram undan jöklinum aðfaranótt morgundagsins.**

Friðgerður Brynja Jónsdóttir, lögreglufulltrúi Almannavarna, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að ekki stæði til að rýma svæðið. „Það stendur ekki til að rýma neitt, það er í rauninni engin byggð þarna,“ sagði hún og bætti við að ekki hefði verið rætt um rýmingu hálendis í kringum Skaftárjökul.

Varað var sérstaklega við því í tilkynningu Veðurstofunnar að hlaup gæti orðið í Hverfisfljóti ef hlaup kemur að hluta undan Síðujökli. Þá kæmi hlaupið fram við brúna á þjóðvegi 1 en ekki er talið líklegt að svo verði. Einnig var varað við brennisteinsvetni í hlaupvatninu og sprungumyndun í kringum ketilinn og var ferðafólki því ráðlagt að halda sig fjarri farvegi Skaftár ofan Skaftárdals, jöðrum Skaftárjökuls, Tungnárjökuls og Síðujökuls sem og kötlunum sjálfum. **– þea, jmt**

# 10-11

# ÁGÚSTTILBOÐ

**PRINCE POLO 35GR**
**99** KR/STK
VERÐ ÁÐUR 199 KR/STK
2.829 KR/KG

**CLOETTA FLIPPER MINI 120G**
**299** KR/PK
VERÐ ÁÐUR 549 KR/PK
2.492 KR/KG

**NÓA KROPP 200G**
**399** KR/PK
VERÐ ÁÐUR 699 KR/PK
1.995 KR/KG

**FREYJU RÍS SALT-KARAMELLU 50G**
**129** KR/STK
VERÐ ÁÐUR 349 KR/PK
2.580 KR/KG

**FOCACCIA 2 TEG.**
**249** KR/STK
VERÐ ÁÐUR 449 KR/STK

**FLORIDANA HEILSUSAFI 330ML**
**169** KR/STK
VERÐ ÁÐUR 399 KR/STK
514 KR/L

**HARIBO 120G**
**199** KR/PK
VERÐ ÁÐUR 429 KR/PK
1.658 KR/KG

**JELLY BEAN POP A BEAN 100G**
**399** KR/STK
VERÐ ÁÐUR 799 KR/STK
3.990 KR/KG

**KRISTALL EPLA 500ML**
**149** KR/STK
VERÐ ÁÐUR 399 KR/STK
298 KR/L

**EVERS 200G, 2 TEG.**
**249** KR/STK
VERÐ ÁÐUR 469 KR/STK
1.245 KR/KG

**CULT RAW 250ML, 2 TEG.**
**169** KR/STK
VERÐ ÁÐUR 299 KR/STK
676 KR/L

**CULT RAW 500ML**
**249** KR/STK
VERÐ ÁÐUR 399 KR/STK
498 KR/L

**BURN 355ML**
**249** KR/STK
VERÐ ÁÐUR 449 KR/STK
701 KR/L

**SPARKLING ICE 500ML 3 TEG.**
**199** KR/STK
VERÐ ÁÐUR 349 KR/STK
398 KR/L

**VIP HNETUR 25G 3 TEG.**
**49** KR/PK
VERÐ ÁÐUR 129 KR/PK
1.960 KR/KG

**NOCCO 330ML**
**299** KR/STK
VERÐ ÁÐUR 399 KR/STK
906 KR/L

Netgíró
Betri leið til að borga

# Vá fyrir dyrum



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Árið er 2014. Kaupmáttur er enn umtalsvert minni en fyrir fjármálahrunið, raungengið er undir sögulegu meðaltali, verðbólga hefur mælst um og yfir fjögur prósent, stýrivextir Seðlabankans eru sex prósent og þrátt fyrir hægfara efnahagsbata, með ágætis hagvexti og minnkandi atvinnuleysi, þá er uppi óvissa um framhaldið vegna uppgjörs gömlu bankanna og afnáms hafta. Fjórum árum síðar hafa Íslendingar líklega upplifað mesta hagsældarskeið í lýðveldissögunni. Kaupmáttur launa hefur aukist um liðlega 30 prósent, verðbólga verið nánast samfleytt undir markmiði Seðlabankans, vextir aldrei lægri og staða þjóðarbúsins tekið stakkaskiptum sem endurspeglast einkum í því að Ísland er orðið að lánveitanda við útlönd. Þetta hefur ekki gerst af sjálfu sér.

Vöxtur í ferðaþjónustu og einstaklega vel heppnuð áætlun stjórnvalda við afnám hafta réðu hvað mestu um að leggja grunn að þessari fordæmalausu stöðu. Það má taka undir með fjármálaráðherra að það sætir undrun að forystumenn í verkalýðshreyfingunni reyni ekki að eigna sér eitthvað í þessum mikla árangri sem náðst hefur. Þess í stað er tónninn sá að þorri launafólks hafi setið eftir og því eigi nú að fara fram með glórulausar kröfur um tugprósenta launahækkanir á almennum vinnumarkaði. Allt er þetta með miklum ólíkindum. Það er eins og að vera staddur í einhverri hliðarveröld þegar því er haldið fram, vonandi gegn betri vitund, að hægt sé að ráðast í slíkar launahækkanir á einu bretti án þess að eitthvað láti undan – við núverandi aðstæður geta afleiðingarnar aldrei orðið aðrar en aukin verðbólga eða stórfellt atvinnuleysi. Haldi einhverjir annað hafa þeir hinir sömu fundið upp á áður óþekktri leið til að stórbæta lífskjör almennings, óháð verðmætasköpun hverju sinni. Raunveruleikinn er hins vegar því miður annar og leiðinlegri.

Laun á Íslandi eru þau næsthæstu á meðal OECD-ríkja og mælt í erlendri mynt hefur kaupmáttur meira en tvöfaldast frá 2010. Þetta er undraverður árangur. Réttmætar áhyggjur um að þær miklu launahækkanir sem um var samið í kjarasamningum 2015 myndu leiða til verðbólguskots urðu sem betur fer ekki að veruleika. Ástæður þessa ættu að vera flestum vel kunnar. Gríðarmikil gengisstyrking, lægra vöruverð vegna afnáms tolla og vörugjalda, hagstæð viðskiptakjör og aukin samkeppni á smásölumarkaði áttu ekki hvað síst þátt í því að verðbólgan fór ekki af stað þótt laun hafi hækkað umfram framleiðnivöxt. Aðeins þeim, sem kjósa að setja kíkinn fyrir blinda augað, getur dottið í hug að hægt sé að endurtaka þann leik. Rekstrarumhverfi fyrirtækja, sem flest standa frammi fyrir hagræðingaraðgerðum, hefur versnað til muna og svigrúm þeirra til að taka á sig aukinn launakostnað er lítið sem ekkert.

Stærstu verkalýðshreyfingar landsins voru teknar yfir, án mikillar mótstöðu, af byltingaröflum sem þykjast bera fyrir brjósti velferð hins venjulega launamanns í komandi kjarasamningalotu. Ekkert gæti verið jafn fjarri sanni. Staðreyndin er sú að forystumenn samtakanna eru í besta falli popúlistar sem tala fyrir gamalkunnum leiðum sem munu valda miklum skaða fyrir íslenskt efnahagslíf og um leið hagsmuni heimila og fyrirtækja nái þær fram að ganga. Það eru hagsmunir allra sem vilja byggja upp raunverulega hagsæld til lengri tíma á grundvelli lágrar verðbólgu, stöðugs gengis og lægri vaxta að koma í veg fyrir þá niðurstöðu. Takist það ekki er vá fyrir dyrum.

**Forystumenn samtakanna eru í besta falli popúlistar sem tala fyrir gamalkunnum leiðum sem munu valda miklum skaða fyrir íslenskt efnahagslíf.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Frelsisandvarpið**

**Íslenskir áhangendur hægri sinnaða aktívistans Tommy Robinson sátu eftir með sárt ennið þegar hann skrópaði á ráðstefnunni Fjölmenningin í Evrópu: Vandamál og lausnir í maí. Þar átti hann að halda erindi undir styrkri fundarstjórn Gústafs Níelssonar sagnfræðings sem gerði sér sérstaka ferð frá Spáni af þessu tilefni. Ekki tók betra við þegar Tommy var skömmu síðar stungið í steininn í Bretlandi, fullkomlega að ósekju að mati stuðningsmanna hans. Hann hefur nú verið látinn laus og fréttum af því hefur verið deilt til dæmis á Facebooksíðunni Stjórnmálaspjallið og hjá Frelsisflokknum þar sem aðdragandi handtökunnar er rakinn.**

**Spurningar brenna**

**Blaðamaðurinn Ágúst Borgþór Sverrisson var einn þeirra sem biðu komu Tommys spenntir í vor og fagnaði frelsuninni í meitluðu máli á Facebook: „Oh Tommeh Tommeh ...“ sem kallaði á spurningu frá Agli Helgasyni sem enn er ósvarað: „Nýja átrúnaðargoðið þitt?“ Spurningar, öllu merkingarþrungnari, brenna svo á Gústaf Níelssyni: „Nú ættu menn að fara rækilega í saumana á því hvernig maðurinn gat lent í fangelsi!! Það er eitthvað bogið við lögin, enginn vafi. Svona nokkuð á bara ekki að geta gerst í lýðræðislegu, frjálsu og opnu réttarríki.“** thorarinn@frettabladid.is

# Björgunarbátar eru ekki farþegaskip



Eyþór Arnalds
oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Það er eitthvað að í Reykjavík. Þrátt fyrir að miklir fjármunir fari í félagslega kerfið vaxa biðlistar eftir húsnæði. Þrátt fyrir loforð um úrbætur hefur leiguverð hækkað um nærri 100% á fjórum árum. Húsnæðislausu fólki hefur fjölgað um 95%. Sífellt fleiri þurfa að búa í foreldrahúsum. Það er ljóst að núverandi stefna hefur brugðist. Reykjavík hefur vanrækt skyldu sína að hér sé byggt hagkvæmt húsnæði. Byggt er mest á dýrum stöðum. Sífellt fleiri flytja annað.

Sumir geta ekki eignast eða leigt á almennum markaði eins og hann er orðinn. Félagslega kerfið á þá að taka við en stór göt eru í möskvum öryggisnetsins. Félagsbústaðir hf. kaupa íbúðir á markaði sem hefur hækkað um 100% ekki síst vegna ákvarðana borgarinnar sjálfrar. Þetta háa markaðsverð fer beint í leiguverðið og hefur leiguverð hjá Félagsbústöðum hækkað mikið. Þeir sem eru svo „heppnir“ að fá húsnæði þurfa að borga mun hærra verð en fyrir nokkrum árum. Félagsbústaðir reikna sér svo tugmilljarða hagnað vegna endurmats á félagslegu húsnæði.

**Enginn vill festast inni í velferðarkerfinu, heldur á það að vera öryggisnet sem styður fólk til að geta lifað á eigin forsendum**

**Raunverulegar lausnir**

Það er grundvallaratriði að félagslega kerfið í Reykjavík hafi skýra stefnu og markmið um að koma fólki til sjálfshjálpar. Enginn vill festast inni í velferðarkerfinu, heldur á það að vera öryggisnet sem styður fólk til að geta lifað á eigin forsendum. Ýmis merki eru um að núverandi kerfi sé ekki að styðja við þetta grundvallaratriði, heldur flækjast margir í fátæktargildrum. Festast í netinu. Björgunarbátar eru ekki farþegaskip heldur neyðarúrræði. En mikilvægast er að koma í veg fyrir neyðina. Þess vegna viljum við breyta borginni þannig að fleiri geti verið á eigin forsendum í samfélaginu en ekki upp á náð og miskunn kerfisins. Almennar aðgerðir til að tryggja hagkvæmara húsnæði eru forgangsmál. Þess vegna höfum við lagt fram á annan tug tillagna til að leysa þessi mál. Lækka byggingargjöld, afnema innviðagjald, byggja á hagkvæmum stöðum og minnka skrifræðið. Þessar tillögur eru tækifæri fyrir borgarbúa. Vonandi fá þær brautargengi.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Blíðvinafundir


Í DAG



Þórlindur Kjartansson


Flestir eru sammála um að sönn vinátta sé meðal þess mikilvægasta sem mannkeskja getur eignast. Þegar við erum ung byrjum við að læra að eignast vini og þá fyrstu velur maður í raun ekki sjálfur. Fyrsta vináttan myndast iðulega alfarið vegna tilviljanakenndra aðstæðna. Fyrstu vinirnir eru kannski þeir sem leikskólakennarinn raðar við hliðina á manni í nestistímum leikskólans, einhver sem býr heppilega nálægt manni eða einhver sem labbar sömu leið og maður sjálfur í skólann eða á íþróttaæfingu.

Börn læra smám saman hvernig vináttu er háttað. Góðir vinir geta spjallað saman um alla heima og geima og gleymt sér. Sjálfur átti ég svo góðan vin þegar ég var sex ára að við áttum það til að þramma yfir hálfa Heimaey djúpt sokknir í alls konar pælingar áður en við áttuðum okkur á því að við höfðum fyrir löngu átt að vera búnir að taka beygjuna heim. Þetta var auðvitað fyrir tíma snjallsíma og staðsetningartækja þannig að engin leið var að trufla þessar stefnulausu stundir okkar félaganna með eftirliti og eftirrekstri.

### Ungir vinir

Börn átta sig fljótlega á því að eðli vináttunnar er allt annað og flóknara heldur en sambandsins við foreldra og systkini. Með vinum myndast smám saman trúnaður, sem byggist ekki bara á því að vinir geti talað um leyndarmál sín á milli heldur að þeir geti gengið út frá því sem vísu að þeir eigi hjá vinum sínum skilningsríkt og umburðarlynt skjól frá öllu öðru sem gengur á lífinu. Góðir vinir læra það líka að standa saman, en vera hver öðrum aðhald—segja sannleikann meira að segja þegar hann er óþægilegur og erfiður.

Traust vinátta er svo djúpstæð að jafnvel áralangur aðskilnaður breytir engu um þær tilfinningar sem vinir bera hver til annars, eins og segir í Hávamálum að gagnvegir liggi til góðs vinar þótt hann sé firr farinn. Og það gildir gjarnan um bernskuvini, að jafnvel þótt ár og áratugir líði án þess að þeir hittist þá eru endurfundir við trausta bernskuvini áreynslulausir, þægilegir, gleðiríkir og fallegir.

### Gamlir vinir

En hver er tilgangur vináttunnar? Á yfirborðinu gæti virst sem tilgangur vináttu sé fyrst og fremst að deila því gleðilega í lífinu. Góðir vinir skemmta sér saman, fara saman á íþróttaleiki, veiða saman og hittast í veislum.

En þetta er auðvitað alls ekki tilgangur vináttunnar. Vinátta þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að geta gengið að stuðningi og skilningi vísum þegar eitthvað bjátar á í lífinu—að eiga bandamenn. Þess vegna eru vináttubönd barnæskunnar sterk, því jafnvel þótt vinir hittist til þess að leika sér saman og sinna sameiginlegum áhugamálum, þá eru það vinirnir sem fyrstir af öllum öðrum í heiminum eru tilbúnir til þess að hlusta á vangaveltur manns í lífinu án þess að þykjast endilega vita betur, taka þátt í að búa til nýja hluti í sameiningu, sigrast á verkefnum eða óvinum saman og almennt að vera saman í liði.

Og það er því kannski ekki skrýtið að næst á eftir kvennafari og fylleríi, þá hefur vináttan verið eitt helsta meginstefið í Þjóðhátíðarlögum í gegnum tíðina. Þannig orti Árni úr Eyjum árið 1937 um Þjóðhátíð:

*Ljósin kvikna, brennur bál.*
*Bjarma slær á grund.*
*Enn þá fagnar sérhver sál*
*sælum endurfund.*

### Nýir vinir

Þegar við eldumst hættir vináttan gjarnan að vera eins tilviljanakennd. Við umgöngumst smám saman fábreyttari hópa af fólki sem hefur valið sér svipuð áhugamál eða leið í lífinu og við sjálf. Og það gerist jafnvel stundum að fólk leggur minni rækt við vináttu þegar það eldist.

Það er nefnilega vandinn við vináttuna að hún tekur mikinn



**Þessu er erfitt að ná fram á fullorðinsárum og hugsanlega hefur nútíminn dregið enn þá meira úr möguleikum fullorðins fólks til þess að stofna til nýrrar vináttu.**

tíma. Góðir bernskuvinir verja ekki bara einstaka kvöldstund saman yfir ölglasi heldur heilu og hálfu dögunum yfir leikjum, spjalli, íþróttum eða hvers kyns ráðabruggi og fyrirætlunum. Í gegnum allt þetta verður smám saman til nærnur gagnkvæmur skilningur á milli vina. Þessu er erfitt að ná fram á fullorðinsárum og hugsanlega hefur nútíminn dregið enn þá meira úr möguleikum fullorðins fólks til þess að stofna til nýrrar vináttu. Fyrir ekki svo löngu síðan—og kannski sums staðar enn—var það ofurvenjulegt og ekkert tiltökumál að biðja vini sína um að hjálpa sér með alls konar viðvik. Og þá er ég ekki að meina flutninga á sjö ára fresti, heldur til dæmis að eyða heilli helgi í að mála íbúð, stinga upp garðinn eða fúabera pallinn. Þetta þætti eflaust frekar heimtufrekt nú til dags. Það eru allir svo uppteknir af því að horfa á Netflix, vera á skíðum eða hvíla sig heima hjá sér. En það er einmitt í gegnum alls konar sameiginleg verkefni sem kunningsskapur fullorðinna getur umbreyst í vináttu.

Margir hafa áhyggjur af því að vináttan sé að hverfa. Þetta er meðal annars vegna þess að margt af því sem fólk hefur í gegnum tíðina þurft að leita til nágranna sinna með er nú leyst með alls konar þjónustu sem er aðkeypt. Fyrir vikið snýst vináttan fyrst og fremst um að skemmta sér saman, sem er góðra gjalda vert en heldur innihaldsrýrt til lengri tíma litið.

### Stjörnur tvær

Vinirnir Ási í Bæ og Oddgeir Kristjánsson sömdu saman mörg af frægustu Eyjalögunum. Þar á meðal Þjóðhátíðarlagið árið 1951 þar sem segir um sjómenn á leið í land:

*Er vindur lék í voðum*
*og vængir lyftu gnoðum,*
*þeir þutu beint hjá boðum*
*á blíðvinafund.*

En ellefu árum seinna reyndi á vináttuna þegar Ási var seinn að skila texta í Þjóðhátíðarlagið 1962. Oddgeir mun hafa orðið reiður yfir slúbbertaskap skáldsins, en hlýtur að hafa tekið hann í sátt þegar textinn sem hefst á orðunum „Ég veit þú kemur í kvöld til mín" barst honum í hendur. Ási segist hafa séð í gegnum augu vinar síns að stóryrðin væru innihaldsrýr: „Ég trúi ekki á orðin þín, ef annað segja stjörnur tvær."

Og það er nú líka það besta við helgar eins og þessa, að þær eru tækifæri til þess að hitta og gleðjast með gömlum vinum—og það er aldrei að vita nema algjörlega tilviljanakennd ný vinátta geti stofnast við nágrannann í næsta tjaldi, ef maður þorir að gefa sig á tal, og jafnvel til við að reka niður hæla.

# Merkið Ísland dregið niður í svaðið




Ole Anton Bieltvedt
alþjóðlegur kaupsýslumaður


Ísland, nafn landsins okkar, ímynd þess og orðspor, er meðal þess dýrmætasta, sem við eigum.

Á síðustu árum og áratugum hefur myndast jákvæð mynd af Íslandi og Íslendingum á alþjóðavettvangi, þökk sé gullfallegri náttúru landsins, gestrisni og elskulegri framkomu landsmanna, sem milljónir ferðamanna hafa upplifað og notið, og auk þess hefur t.a.m. frækileg frammistaða fótboltalandsliðsins okkar gert garðinn – Ísland – frægan.

Rithöfundar og ýmsir aðrir hugvits- og hæfileikamenn, líka á sviði viðskipta, fiskveiða og hátækni, hafa bætt um betur og styrkt þessa jákvæðu ímynd Íslands.

Stundum er sagt að það eina, sem menn í raun eigi, sé orðspor þeirra og ímynd, mannorð og æra. Í Asíu er talað um hvort menn haldi andlitinu. Sá sem heldur andlitinu stendur vel og sterkt á hverju sem gengur. Auðvitað gildir þetta líka um lönd og þjóðir.

Við teljum okkur menningarþjóð. Framarlega í flokki í mannréttindum, jafnrétti, lýðræði, samúð og stuðningi við þá, sem minna mega sín, samhjálp og mannúðar- og siðmenningarmálum almennt. Þetta má nokkuð til sanns vegar færa.

Á einu sviði gildir þetta þó ekki: Dýra-, náttúru- og umhverfisvernd. Hér er enn margt, eins og það var á síðustu öld. Á lágu plani. Ný og góð lög hafa reyndar verið sett, en lítið eða ekkert er eftir þeim farið.

Mahatma Gandhi sagði: „Það má meta framfarir og siðferðislegan þroska þjóðar af því hvernig hún umgengst dýrin sín".

Í byrjun síðustu aldar munu hafa verið 3-5 milljónir rjúpna í landinu. Vorið 2016 var búið að drepa þær niður í 100 þúsund.

Árið 1980 voru selir við landið 32 þúsund. Nú eru þeir komnir í sjö þúsund.

Samkvæmt skýrslu helztu vist- og líffræðinga landsins, hefur lífið verið murkað úr villtum fuglum landsins í slíkum mæli að 17 tegundir eru í útrýmingarhættu. Þar á meðal svartbakur, máfar, lundi, hrafn, kjói, grágæs, langvía og álka, auk rjúpu.

Pólarrefurinn, sem var kominn hingað löngu á undan okkur, er ofsóttur í slíkum mæli, að kalla mætti helför, án þess þó að vitað sé til nokkurs skaða af refnum í marga áratugi. Er margur fjögurra vikna yrðlingurinn barinn til bana með steini.

Hreinkýr eru miskunnarlaust drepnar frá 8-10 vikna kálfum sínum þó að þeir þurfi á móðurmjólk og móðurvernd að halda í minnst sex mánuði.

Ef siðmenning okkar yrði dæmd út frá gildum Gandhi, fengjum við ekki háa einkunn. Fyrrnefnd mál eru þó meira innanlandsmál, sem lítið koma fram á alþjóðavettvangi.

Öðru máli gegnir um hvalveiðar, sem engin önnur þjóð stundar. Þær eru alþjóðlegt mál, enda langreyðurin flökkudýr, sem fæðist við Vestur-Afríku og flakkar um heimshöfin. Hér stendur hún aðeins við í nokkrar vikur. Að kalla hana „íslenzka auðlind" er út í hött.

Samkvæmt IUCN er langreyðurin talin í útrýmingarhættu og er hún

**Samkvæmt skýrslu helztu vist- og líffræðinga landsins, hefur lífið verið murkað úr villtum fuglum landsins í slíkum mæli að 17 tegundir eru í útrýmingarhættu.**

friðuð. Um 190 þjóðir eru aðilar að CITES-samkomulaginu, sem bannar verzlun með og flutning á hvalaafurðum í þeirra lögsögu.

Afurðir hvala eru því nánast óseljanlegar.

Til viðbótar koma svo villimannlegar drápsaðferðir og heiftarlegt dauðastríð dýranna. Skutulsbyssur og búnaður eru minnst hálfrar aldar gamlar.

Af 50 langreyðum, sem voru veiddar 2014, þurftu átta að heyja lífsbaráttu í allt að 15 mínútur, þar sem stálkló skutuls reif og tætti innyfli, líffæri og hold dýranna, í heiftarlegum átökum og kvalræði, þar til yfir lauk.

Þetta veit og þessu hafnar alþjóðasamfélagið. Ágangur og misþyrmingar á náttúru og lífríki er kominn í sjónarhorn margra. Unga fólkið krefst friðunar og verndunar lífríkisins.

Síðustu vikurnar, eftir að Hvalur hf. hóf langreyðarveiðar að nýju, hefur varla liðið sá dagur að alþjóðapressan hafi ekki fjallað um þessar veiðar með hneykslun og harmi. Ekki bætti það málið, þegar blendingur – móðirin var steypireyður – var veiddur, en steypireyðurin er alfriðuð, líka hér.

Menn vita, að Íslendingar eru ein ríkasta þjóð heims, og, að þörfin fyrir þessar veiðar er lítil eða engin. Margir eru því fullir vanþóknunar á okkur og þegar við viljum afsaka okkur með því að þetta sé bara „einn maður" kemur spurningin: „Af hverju láta valdamenn og þjóðin þetta viðgangast?".

Ég spyr: Er einhver glóra í því að við látum „einn mann" draga ímynd og orðspor landsins – merkið okkar allra; Ísland – niður í svaðið?

FRÉTTABLAÐIÐ **SPORT**







# Valur flaug áfram í næstu umferð



**Komnir áfram** Valur vann 3-0 sigur á Santa Coloma í seinni leik liðanna í 2. umferð forkeppni Evrópudeildarinnar í gær. Valsmenn töpuðu fyrri leiknum í Andorra 1-0 en unnu einvígið 3-1 samanlagt og mæta Sheriff Tiraspol í næstu umferð. Stjarnan og FH eru hins vegar úr leik í Evrópudeildinni í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

# Kaflaskiptur dagur hjá Valdísi á Opna breska

**GOLF** Valdís Þóra Jónsdóttir, atvinnukylfingur úr GL, lék fyrsta hringinn á Opna breska meistaramótinu á 73 höggum eða einu höggi yfir pari vallarins. Óhætt er að segja að dagurinn hafi verið kaflaskiptur hjá Valdísi sem fékk sex fugla í gær.

Er þetta annað risamótið í golfi sem Skagamærin tekur þátt í en hitt var Opna bandaríska í fyrra. Hóf hún daginn vel og var á parinu eftir sex holur með einn skolla og einn fugl.

Þá kom þrefaldur skolli þegar Valdís hafnaði í brautarglompu, einni af 204 sandgryfjum á vellinum. Lenti hún aftur í vandræðum á tólftu braut þar sem hún þurfti tvö högg upp úr sandgryfju og fékk skramba.

Fimm fuglar á seinni níu, þar af þrír á síðustu fjórum holunum þýddu að hún kom í hús á einu höggi yfir pari. Kemur í ljós í dag hvort hún nær í gegnum niðurskurð og fær þátttökurétt um helgina. **– kpt**



**Valdís Þóra Jónsdóttir**

## Nýjast

**Forkeppni Evrópudeildarinnar**

**FCK - Stjarnan 5-0**

1-0 Viktor Fischer (4.), 2-0 Carl Holse (24.), 3-0 Kenan Kodro (39.), 4-0 Kodro (47.), 5-0 Kodro (74.).

*FCK vann einvígið 7-0 samanlagt og mætir CSKA Sofia í næstu umferð.*

**FH - Hapoel Haifa 0-1**

0-1 Eliyahu Elbaz (68.).

*Hapoel Haifa vann einvígið 2-1 samanlagt og mætir Atalanta í næstu umferð.*

**Valur - Santa Coloma 3-0**

1-0 1-0Sigurður Egill Lárusson (53.), 2-0 Bjarni Ólafur Eiríksson (63.), 3-0 Andri Adolphsson (90+4.).

*Valur vann einvígið 3-1 samanlagt og mætir Sheriff Tiraspol í næstu umferð.*

# Hafa rætt við Hamrén

**KSÍ gæti farið sænsku leiðina á nýjan leik og ráðið Erik Hamrén sem næsta þjálfara íslenska karlalandsliðsins. Viðræður við Hamrén hafa átt sér stað.**

**FÓTBOLTI** Knattspyrnusamband Íslands hefur rætt við Svíann Erik Hamrén um að taka við þjálfun íslenska karlalandsliðsins í fótbolta. Leitin að nýjum landsliðsþjálfara hefur staðið yfir síðan Heimir Hallgrímsson tilkynnti að hann væri hættur um miðjan síðasta mánuð.

Fótbolti.net greindi fyrst frá því að KSÍ hefði átt í viðræðum við Hamrén. Í frétt vefmiðilsins kom fram að viðræðurnar væru langt á veg komnar.

Guðni Bergsson, formaður KSÍ, staðfesti í samtali við Fréttablaðið að viðræður við Hamrén hafi átt sér stað.

„Við höfum rætt við Erik Hamrén,“ sagði Guðni en vildi ekki tjá sig nánar um hversu langt viðræðurnar væru komnar. Hann sagði þó að Hamrén væri ekki sá eini sem KSÍ hefði rætt við um að taka við landsliðinu.

„Við höfum ekki bara rætt við hann heldur fleiri,“ sagði Guðni.

Hamrén, sem er 61 árs, þjálfaði sænska landsliðið á árunum 2009-16. Hann tók við þjálfun þess af Lars Lagerbäck sem stýrði seinna íslenska landsliðinu ásamt Heimi með frábærum árangri.

Undir stjórn Hamréns komst Svíþjóð á EM 2012 og 2016 en ekki á HM 2014. Sænska liðið vann 45 af 83 leikjum sínum með Hamrén við stjórnvölinn.

Auk þess að hafa verið landsliðsþjálfari Svíþjóðar hefur Hamrén stýrt félagsliðum í Noregi, Svíþjóð og Danmörku á 30 ára þjálfaraferli. Hann gerði AaB að dönskum meisturum 2008 og Rosenborg að Noregsmeisturum 2009 og 2010. Þá gerði hann bæði AIK og Örgryte að bikarmeisturum í Svíþjóð á sínum tíma. Hamrén hefur ekki þjálfað síðan hann hætti með sænska landsliðið eftir EM í Frakklandi 2016.

Á morgun eru fimm vikur í næsta leik íslenska landsliðsins. Það mætir þá Sviss í St. Gallen í fyrsta leik sínum í riðli 2 í A-deild Þjóðadeildar UEFA.

Guðni vonast til að ráða nýjan landsliðsþjálfara áður en langt um líður. „Ég vona að það verði fljótlega. En fæst orð bera minnsta ábyrgð í þessu,“ sagði formaðurinn að lokum. **ingvithor@frettabladid.is**




Nýr **Opel Grandland X** verður kynntur 11. ágúst í **sýningarsölum** okkar í Reykjavík og Reykjanesbæ

**Sýningarsalir**
**Krókháls 9**, Reykjavík, 590 2000
**Njarðarbraut 9**, Reykjanesbæ, 420 3330

**Opnunartímar**
Virka daga 9–18

Bílabúð Benna

# EINFALT, FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT

**Grísakjöt** með kartöflusalati, maís og piparrótarsósu

2.899 kr/pk

**Nautakjöt** með maís, hasselback kartöflum og piparsósu

3.099 kr/pk




**Kjúklingaleggir** í buffalósósu með hrásalati og gráðostasósu

2.299 kr/pk

**Lambakjöt** með grænmeti, hasselback kartöflum og hvítlaukssósu

2.899 kr/pk

Tilboð gilda út 17. júní

## Grillpakki máltíð fyrir 2

4 spennandi tegundir.




### Haust kex

Hafra- og heilhveitikex.

219 kr/stk




### Royal Oak

Gerir góðan grillmat enn betri.

verð frá 649 kr/stk




### Einnota grill

Fljótlegt og þægilegt.

289 kr/stk




### Góu góðgæti

Í útileguna, bústaðinn eða bara fyrir framan sjónvarpið.

verð frá 279 kr/stk




### Stórir sykurpúðar

Góðir á grillið

289 kr/stk




### Philadelphia rjómaostar

Þegar gæði skipta máli

verð frá 499 kr/stk

# Meira svona alla daga



15% afsláttur




**Stonewall kitchen**

Gerðu borgarann eftirminnilegan.

ÍSLANDS NAUT

## Smash Style

| 2 x 100 g | 2 x 120 g | 2 x 140 g |
|---|---|---|
| 450 kr/pk | 501 kr/pk | 552 kr/pk |
| Verð áður 529 | Verð áður 589 | Verð áður 649 |




20% afsláttur

**Grillbringur 3 tegundir**

1.999 kr/kg

Verð áður 2.499 kr/kg




30% afsláttur

**Lambainnralæri**

3.149 kr/kg

Verð áður 4.499 kr/kg




20% afsláttur

**Kjúklingaskankar BBQ og Argentínu**

1.279 kr/kg

Verð áður 1.599 kr/kg

HAGKAUP Meira svona alla daga

## Merkisatburðir

**1905** Bændur mótmæla lagningu ritsíma til Íslands með því að fjölmenna til Reykjavíkur. Þess í stað vilja þeir fá loftskeytasamband.

**1914** Þjóðverjar segja Frökkum stríð á hendur.

**1918** Björgunarfélag Vestmannaeyja er stofnað.

**1940** Eistland, Lettland og Litháen eru innlimuð í Sovétríkin.

**1961** Brian Epstein sér í fyrsta sinn Bítlana spila í Cavern Club í Liverpool.

**1969** Í Húsafellsskógi eru um tuttugu þúsund manns á sumarhátíð, eða um tíu prósent allra Íslendinga.

**1977** Tandy Corporation kynnir örtölvuna TRS-80 á blaðamannafundi.

**1980** Vigdís Finnbogadóttir opnar minjasafn á Hrafnseyri og kapella er vígð þar, hvort tveggja í minningu Jóns Sigurðssonar forseta.

**1984** Ringo Starr, trommuleikari Bítlanna, er heiðursgestur á útihátíð í Atlavík.



Hjartans þakkir fyrir hlýhug og samúð vegna andláts og jarðarfarar

**Þormars Skaftasonar**

Laugarbökkum.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Sauðárkróks og gjörgæslu- og lyflækningadeildar Sjúkrahúss Akureyrar.

**Edda Stefáns Þórarinsdóttir og fjölskylda**
**Karl Gunnar Þormarsson og börn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ástdís Jóhanna Stefánsdóttir**

Ytra-Hrauni, Landbroti, Kirkjubæjarklaustri,

lést á heimili sínu þann 28. júlí sl. Jarðarförin fer fram frá Prestbakkakirkju á Síðu, miðvikudaginn 8. ágúst nk. kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Björgunarsveitina Kyndil á Kirkjubæjarklaustri.

**Arnar Eysteinn Sigurðsson**
**Sigurður Arnarsson** **Guðrún Þorsteinsdóttir**
**Guðrún Arnarsdóttir**
**Þorkell Arnarsson** **Sigríður Sveinsdóttir**
**Guðni Arnarsson** **Aðalbjörg Runólfsdóttir**
**Steinunn Ósk Arnarsdóttir** **Gunnar Örn Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar,

**Ólafur K. Guðmundsson**

fv. aðstoðaryfirlögregluþjónn,

lést á líknardeild Landspítalans föstudaginn 27. júlí. Útför hans fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði þriðjudaginn 7. ágúst kl. 13.

**Sigurlaug J. Jónsdóttir**
**Guðmundur Rúnar, Elínborg Jóna, Kristín, Ólafur Erling og fjölskyldur.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Vilhjálmur Ólafsson**

Arnarsmára 2, Kópavogi,

lést á Landspítalanum Fossvogi 1. ágúst sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Birna Þóra Vilhjálmsdóttir**
**Ólafur S. Vilhjálmsson** **Sigrún Steingrímsdóttir**
**Þórður Örn Vilhjálmsson** **Jóhanna Ólafsdóttir**
**Sigurlaug Vilhjálmsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Víkingarnir á Skefilsstöðum, þau Eyjólfur Sverrisson og Anna Pála Gísladóttir, ásamt sonum sínum, Kára Rafnari og Trausta Má.**

# Eyjólfur Sverris fagnar sínu fimmtugsafmæli með reisn

**Eyjólfur Sverrisson fótboltakappi fagnar fimmtugsafmæli í dag á Skefilsstöðum á Skaga. Gestir slá upp tjöldum á túninu. Allir verða í víkingaklæðum og skrautreið Skagfirðinga er væntanleg í hlað. Dagskrá verður trúlega á fornmáli þannig að kannski er þýðenda þörf.**

Það er að tínast hingað fólk. Þetta verða örugglega 140 til 150 manns. Gömlu félagarnir úr fótboltanum og aðrir vinir og vandamenn,“ segir Eyjólfur Sverrisson, fyrrverandi atvinnumaður í fótbolta sem er fimmtugur í dag og heldur upp á það. Hann svarar símanum á óðali sínu að Skefilsstöðum á Skaga. „Við tökum örugglega í bolta og hér verða hinar ýmsu keppnir í gangi. Svo er víkingaklæðnaður skilyrði. Það er engum hleypt inn á svæðið nema í víkingabúningi, það gildir um bæði kyn.“

Eyjólfur er Skagfirðingur að uppruna en þó ekki frá Skefilsstöðum. „Fjörðurinn bindur mann dálítið enda er svo fallegt hér úti á Skaga og gott að vera hér. Þetta er bara griðastaðurinn okkar,“ segir hann og útskýrir að búskap hafi verið hætt á jörðinni þegar hann keypti hana á sínum tíma. „Við erum með hross og erum búin að heyja svo túnin eru laus undir tjöld gesta og leiki.“

Eyjólfur segir vel líta út með veður. „En við búum á Íslandi svo ekkert er í hendi. Svo er svaklegur ísjaki hér úti fyrir en mér skilst að það séu engir ísbirnir á honum. Hann þyrfti líka að fara í gegnum talsverða byggð áður en hann kæmi til okkar svo við erum nokkuð örugg.“

Hann kveðst líka hafa haldið upp á fertugsafmælið á Skefilsstöðum. „Þá var kúrekaþema, svo það var á svipuðum nótum. Alveg skelfilega gaman, svo er eftir að sjá hvort okkur takist toppa það núna.“

Búningakeppni er eitt af atriðum afmælisins og þar verða veitt verðlaun,“ að sögn Eyjólfs „Þegar menn mæta í veisluna verða þeir að leggja frá sér vopnin, þeim verður safnað saman á sérstakan stað svo allt fari nú friðsamlega fram.“ Hann á von á að dagskráin verði á fornmáli. „Við verðum að hafa einhverja þýðendur, býst ég við en Skagfirðingum er flest til lista lagt, þeir kunna líka að syngja, skálda og drekka.“

Koma þeir kannski ríðandi í hlað? „Já, nokkrir félagar mínir ætla að vera með einhverja skrautreið. Það á að verða reisn yfir þessu.“ **gun@frettabladid.is**

### Fótboltaferill Eyjólfs í stórum dráttum

Eyjólfur hóf fótboltaferilinn með Tindastóli á Sauðárkróki en fór 21 árs til Stuttgart í Þýskalandi og var þar í fimm ár. Síðan var hann eitt ár hjá Besiktas í Istanbúl en af erlendum liðum spilaði hann lengst með Hertha Berlín, átta ár.

Hann var ellefu ár í íslenska landsliðinu og á að baki 66 landsleiki. Var svo þjálfari þess um tveggja ára skeið, frá 2005 til 2007 og hefur stýrt U21 landsliðinu frá 2009.

Heimild: Wikipedia



**Vígalegt afmælisbarn mátar herklæðin.**

ÞETTA GERÐIST 3. ÁGÚST 1492

## Kólumbus lét úr höfn í Palos á Spáni til að leita Indlands

Kristófer Kólumbus sigldi af stað frá Palos á Suður-Spáni þennan mánaðardag árið 1492 með það að markmiði að finna vesturleiðina til Indlands. Fullur sjálfstrausts, enda hafði hann nýlega verið skipaður aðmíráll. Í för með honum voru þrjú lítil skip, Niña, Pinta og Santa María. Haldið var suður fyrir Kanaríeyjar þar sem flotinn dvaldi í mánuð. Eftir að hafa siglt um höfin í rúman mánuð kom Kólumbus loks að landi, að talið er í San Salvador, einni af Bahamaeyjum. Þaðan var siglt til Kúbu og síðan til Haítí þar sem dvalið var fram í janúar og eftir erfiða heimferð kom flotinn til Spánar um miðjan mars 1493.

**» Kólumbus fór fjórum sinnum yfir Atlantshafið á árunum 1492 til 1504 og opnaði leið að stofnun nýlenda og arðráni í Ameríku.**



**Kristófer Kólumbus leitaði Indlands.**

Fólk
Lífsstíll
FÖSTUDAGUR 3. ÁGÚST 2018

# Þarf ekki að vera eins og allir hinir

Rapparinn og útvarpskonan Ragga Holm vinnur nú hörðum höndum að sólóplötunni sinni og er meðlimur í Reykjavíkurdætrum, sem eru að vinna í plötu númer tvö og að spila úti um allar trissur. →2



Ragga Holm hefur átt frábært sumar og það eru stór og spennandi verkefni fram undan. MYND/SIGTRYGGUR



Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➪

Tónlistar- og útvarpskonan Ragga Holm er meðlimur í sveitinni Reykjavíkurdætur, hefur gefið út nokkur vinsæl lög undir eigin nafni og vinnur sem plötusnúður á útvarpsstöðinni Áttunni. Hún hefur átt frábært sumar, bæði með Reykjavíkurdætrum og undir eigin nafni og er nú á fullu að vinna í sólóplötu og breiðskífu með Reykjavíkurdætrum.

„Ég er uppalin í Keflavík, en flutti til Reykjavíkur þegar ég kláraði menntaskóla og kláraði BA-gráðu í tómstunda- og félagsmálafræði frá HÍ og starfaði svo lengi við það hér og þar,“ segir Ragga. „Árið 2010 ákvað ég að verða plötusnúður og um svipað leyti byrjaði ég líka að gera tónlist með stelpu sem heitir Margrét og er núna í hljómsveitinni Vök. Við héldum að það væri nú ekki fyrir aðra, en það átti eftir að breytast.“

## Óvæntur smellur árið 2011

„Árið 2011, eftir að hafa verið að spila sem trúbadorar á kaffihúsum niðri í bæ, var okkur boðið að koma að spila á rappkonukvöldi á Barböru, þó við værum engir rapparar,“ segir Ragga. „Þannig að ég fékk takt frá æskuvini mínum, Bjössa, sem er taktasmiður í tvíeykinu Blkprty með Bjarka Hallbergs. Við breyttum textanum í lagi sem við höfðum samið um vinkonu okkar og út úr því kom lagið „Það er komið sumar“, sem var mjög vinsælt árið 2011. Það var framleitt af Redd Lights og Emmsjé Gauti var gestarappari í laginu. Svo varð ekkert meira úr því, blessunarlega, því Margrét fór aðra leið og vann Músíktilraunir með Vök og hefur gengið rosalega vel.“

## Reppa heiminn vakti athygli

„Eftir þetta ævintýri byrjuðum við Bjössi að gera tónlist saman og á endanum náði ég að kveikja áhuga einnar dömunnar í Reykjavíkurdætrum á að vera gestur á plötunni minni,“ segir Ragga. „En svo var ég tekin inn í hljómsveitina fyrir um 10 mánuðum og þetta samstarf varð að laginu „Reppa heiminn“, sem var fyrsta lagið sem ég gerði með Reykjavíkurdætrum.

Við fengum fáránlega mikla athygli út á þetta lag og myndbandið,“ segir Ragga. „Svo spilaði ég lagið með þeim á Gay Pride og Menningarnótt og varð fljótlega hluti af sveitinni. Um svipað leyti gerði ég líka lag með Vigdísi Howser í Fever Dream sem heitir „Teggana með“ og ég hef verið plötusnúður Fever Dream síðasta árið og spilað með sveitinni mjög víða, sem hefur gert mikið fyrir mig.“

## Breiðskífa í september

„Lagið „Hvað finnst þér um það?“ varð til með hjálp frá Bjarka Hallbergs og Kilo,“ segir Ragga. „Ég var í vandræðum með hálfkláráð lag og var aldrei ánægð með útkomuna, þannig að ég setti það á ís. En þeim fannst þetta geðveikt lag, þannig að upp úr þessu öllu varð til nýtt lag á einum degi.

Þegar það kom út var ég komin svolítið á flug með Reykjavíkurdætrum, svo ég setti sólóverkefnið á hilluna, því ég hafði meiri trú á því sem ég var að gera með stelpunum,“ segir Ragga. „En svo var mér boðið að koma að spila á Secret Solstice í sumar og þarna breyttist dæmið, því það var einhver að sýna þessu alvöru áhuga. Ég var samt frekar kvíðin en spennt, því ég átti ekki lög til að spila á þessu giggi. En við settumst niður til að vinna í vor og gerðum fimm lög. Núna vantar mig tvö lög í viðbót og þá er ég komin með breiðskífu. Ég stefni á að gefa plötuna út í byrjun september og næstu skref ráðast svolítið af því hvernig viðtökur platan fær.“

## Ómetanlegt að komast í Reykjavíkurdætur

„Það breytir öllu fyrir mig að vera komin í Reykjavíkurdætur. Ég er ógeðslega þakklát fyrir að vera tekin inn í þessa hljómsveit. Ég var mikill aðdáandi áður og dreymdi um að fá að gera lag með þeim,“ segir Ragga. „Að fá að vera hluti af þessu, þegar þær eru búnar að vinna hörðum höndum til að koma sér þangað sem þær eru í dag, er bara ómetanlegt. Ég held að fólk á Íslandi geri sér ekki grein fyrir því hvað Reykjavíkurdætur eru komnar langt. Við vorum að spila á fernum tónleikum í fjórum ólíkum löndum fyrir stuttu og spiluðum fyrir um 20 þúsund manns allt í allt,“ segir Ragga. „Ég var bara í sjokki, ég er búin að vera að spila fyrir framan kannski 50 manns á grunnskólaballi.

Það er mikið talað um að textarnir okkar séu á íslensku, en Kolfinna og Steinunn leikstýra því sem gerist á sviðinu og eru búnar að búa til ótrúlega sterkt „show“ og það er nóg fyrir fólk að sjá okkur á sviði til að finna það sem við erum að segja. Margir segja að þó þeir skilji okkur ekki neitt skilji þeir okkur samt svo mikið. Þannig að við sjáum ekki ástæðu til að rappa á ensku.“



Ragga segist hafa þurft að átta sig á að það sé í lagi að efnið hennar sé ekki alveg í takt við það sem flestir eru að gera. MYND/SIGTRYGGUR

## Stelpurnar þurfa að snúa bökum saman

„Það var draumur allra dætranna að vinna með kvenkyns listamanni eftir að við gerðum lagið „Bossy“ með Balcony Boyz, sem var fyrsta samstarfið okkar. Stelpur þurfa að snúa bökum saman í þessari tónlistarsenu. Þetta endar alltaf einhvern veginn í keppnisskapi, í stað þess að vera hvetjandi. Þannig að þó það sé kannski ekki beint rígur á milli fólks er upplifunin samt þannig,“ segir Ragga. „Strákarnir eru hins vegar allir að vinna saman og peppa hver annan, sem er rosalega fallegt. Okkur fannst vanta þetta hjá stelpunum.

Svala Björgvins var sú sem okkur langaði allra mest að vinna með, en ferlið tók langan tíma. Fyrst áttum við erfitt með að velja takt, svo sendi ég henni óvart rangan takt, þannig að hún samdi yfir hann og sendi okkur og þá kom í ljós að ég hafði sent rangan hlekk. Til Svölu fokking Björgvins!“ segir Ragga, greinilega hneyksluð á sjálfri sér. „Ég baðst bara afsökunar og sem betur fer er hún ein ljúfasta manneskja sem ég hef kynnst. Hún elskar Reykjavíkurdætur og við elskum hana, þannig að við létum þetta ganga upp. Það er alls ekki útilokað að við vinnum meira saman. Á meðan við vorum á LungA tókum við líka upp tónlistarmyndband við lagið, sem verður vonandi birt fljótlega.



Ragga segir að það hafi breytt öllu fyrir hana að fá að vera hluti af Reykjavíkurdætrum. „Ég er ógeðslega þakklát fyrir að vera tekin inn í þessa hljómsveit.“

Annars eru Reykjavíkurdætur núna að vinna í næstu plötu af miklum krafti, sem ég vona að við náum að klára fyrir veturinn,“ segir Ragga. „Við eigum líka eftir 3-4 ferðir út að spila á árinu og næstu tónleikar sem við spilum á eru á Øyafestival, þar sem Kendrick Lamar er aðalnúmerið.“

## Vill gera eitthvað annað en hinir

„Rappsenan á Íslandi er á ákveðnum hápunkti núna og það er gífurlega hörð samkeppni. En það er rosalega mikið af því að fara í sömu átt,“ segir Ragga. „Maður sér líka hverjir fá mestu athyglina og það eru þeir sem semja það sem þeir vita að virkar, sem er mjög sniðugt. Það virkar núna, en það er spurning hversu lengi.

Þegar kemur að tónlistinni sem ég geri ein er ég mjög stefnulaus. Mig langar ekki að vera einhver „hardcore“ rappari en mér finnst gaman að hafa þetta rappflæði með svona pínu poppívafi og það sem ég er að gera ein og með Reykjavíkurdætrum er ekki alveg í takt við það sem flestir eru að gera,“ segir Ragga. „Ég hafði áhyggjur af þessu, því ég hélt að ég þyrfti að gera eitthvað eins og hinir, en Bjarki hefur skammað mig fyrir þetta og sagt mér að gera bara mitt. Þannig að ég ætla að gera eitthvað annað en allir hinir.“

## Það vantaði almennilega hipphoppstöð

„Ég er líka útvarpskona á Áttunni FM 89.1, tónlistarstöð unga fólksins. Markhópurinn okkar er unglingar upp í svona 25 ára og kannski þrýsti ég aldurshópnum aðeins upp, því ég er þrítug,“ segir Ragga og hlær. „Ég er þar á milli 12-16 frá mánudegi til fimmtudags og spila það sem ég fíla. Ég hef fengið mikla jákvæða athygli fyrir að spila mikið af góðu hipphoppi. Fólki fannst vanta almennilega hipphoppstöð á Íslandi. Það vantaði vettvang fyrir þessa tónlist og fyrir alla þessa íslensku tónlistarmenn sem eru að reyna að vekja á sér athygli og nú er hann kominn.“

Þeir sem vilja fylgjast með Röggu geta gert það á Instagram @raggaholm.

TILBOÐ
4 réttir + súpa dagsins
aðeins 1.690 kr.*
SVÍNAKJÖT MEÐ TOFANSÓSU
KJÚKLINGUR MEÐ SATAYSÓSU
NÚÐLUR MEÐ GRÆNMETI
DJÚPSTEIKTAR RÆKJUR MEÐ SÚR/SÆTRI SÓSU
*tekið með heim – 1.990 kr. ef borðað er á staðnum.
Frábær hóptilboð
Sjáðu öll tilboðin okkar á
www.kinahofid.is

Opið alla daga vikunnar frá kl. 11:00 - 22:00

KÍNAHOFIÐ
Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | Sími 554 5022

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# Smáauglýsingar

512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

### Bílar til sölu



Einn flottasti C Benz landsins til sölu. Mercedes Benz C-300 Hybrid Dísel/Rafmagn árgerð 2016, ekinn 13 þ.km. AMG útlitspakki og stútfullur af aukahlutum. Sjón er sögu ríkari. Verð 6.390 þús. Upplýsingar í síma 664-1160.

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

**HELLULAGNIR**
LÓÐAFRAMKVÆMDIR
- Jarðvinna
- Drenlagnir
- Hellulagnir
- Þökulagnir

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

### Bókhald

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

Alhliða fræsing á gólfum,ekkert ryk og hágæða vinna. Uppl. á steinbrot@steinbrot.is eða í s:777-2242 eða 771-2242

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com




## Keypt & Selt

### Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar




Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Heilsa

### Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**FOR RENT - TIL LEIGU**
Til leigu í efra Breiðholti 2ja herb íbúð.
**uppl. s 895 9376**
**eða á antonben@simnet.is**

55m2 íbúð á góðum stað í 101 Reykjavík, er til leigu. Möguleiki að leigan greiðist að hluta með vinnuframlagi. Gæti hentað t.d. eftirlaunaþegum. Áhugasamir sendið umsókn á Gardurogthrif@gmail.com

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna í boði

KvikkFix

Viljum ráða manneskju í móttöku KvikkFix. Líflegt starf. Góð laun og vinnuaðstaða. Umsóknir sendist e mail á hinrik@nrg.is

Óskum eftir að ráða smiði, múrara og vana menn við hellulagnir.

Uppl. sendist á eind@eind.is
EIND EHF

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

Reynslumikill smiður,tilbúinn í verkefni. Uppl. s: 7718554

## Til sölu

Fallegar vörur fyrir börnin - www.sker.is




## Fasteignir

Þingvellir



Vel staðsett 36,1fm sumarhús á 2000fm eignalóð.

Bústaðurinn skiptist í : stofu, herbergi, eldhús, baðherbergi og geymslu.
Húsið þarfnast viðhalds. Lóðin er gróinn með fallegum trjám.
Veröndin er fram með austur, suður og vestur hlið hússins.
Rafmagn og vatn er tengt í bústaðinn.
Bústaðurinn er vel staðsettur í göngufæri við Þingvallavatn og er hverfið lokað af með rafmagnshliði. Allt innbú fylgir húsinu.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Jónsson
Löggiltur fasteignasali í síma : 780-2700
eða á helgi@miklaborg.is

Verð: **9,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
- með þér alla leið -

## Skemmtanir

**CATALINA**
CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR
*Best geymda leyndarmál Kópavogs*
Gullnáman

**HEPPNI Í KEPPNI**
Gullnáman
**GLÆSILEGUR SPILASALUR**
*Komdu og freistaðu gæfunnar!*

**LIFANDI TÓNLIST**
HLJÓMSVEITIN
**SMELLUR**
*Spilar fyrir dansi*
FÖSTUDAG & LAUGARDAG
**FRÁ KL. 00.00 - 03.00**

**HAPPY HOUR ALLA DAGA FRÁ 16-19**
**HEITUR MATUR ALLA DAGA 11-21**
**SÍMI 554 2166**
HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR
**WWW.CATALINA.IS**

## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

**Lagning 11 kv jarðstrengs að Gvendarbrunnum**

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **3. september 2018.**

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Athugun Skipulagsstofnunar**

**Stækkun fiskeldis Matorku úr 3000 tonnum í 6000 tonn**

Matorka ehf. hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um stækkun fiskeldis úr 3000 tonnum í 6000 tonn.

**Kynning á frummatsskýrslu:** Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 3. ágúst. til 17. september 2018 á eftirtöldum stöðum: Á bæjarskrifstofum Grindavíkurbæjar, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

**Athugasemdafrestur:** Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 17. september 2018 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

# SKIPULAGSLÝSING

## Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, hafnarsvæði H1 Fornubúðir.

Skipulags- og byggingarráð samþykkti á fundi sínum þann 20 júlí s.l. að láta vinna breytingu á greinagerð aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, er varðar hafnarsvæði H1 við Fornubúðir Þegar vinna við gerð aðalskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni þar sem fram kemur hvað áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

Lýsinguna er hægt að nálgast á **hafnarfjordur.is.**
Skriflegar ábendingar sendist á: **hafnarfjordur@hafnarfjordur.is** eigi síðar en **12. ágúst 2018.**

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar.
Skipulagsfulltrúi.

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR



Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

HAGVANGUR

www.hagvangur.is



# Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum
lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is



# WYCHWOOD RS

Sigurvegari Flugubúllunar 2017, og besta flugustöng sem Wychwood hefur framleitt frá upphafi.
RS stangirnar eru afburða medium-fast action flugustangir sem eru engum líkar.



Wychwood RS var valin önnur besta flugustöngin í Evrópu á EFTTEX vörusýningunni þar sem hún keppti á móti SAGE X.
Var lofsömuð af Trout & Salmon sem ráðlögðu hana fyrir árið 2017, og hreppti titilinn Tackle Testers Choice í Trout Fisherman.

**KR 32.280,-**

**PAKKATILBOÐ KR 49.990,-**



- Fluguhjól að vali
- Flugulína að vali
- Undirlína
- Taumaefni að vali
- Derhúfa / andlitsklútur

## FLUGUBARINN

er stútfullur af ljúffengum flugum fyrir alla veiði
VERÐ FRÁ 200 KR STK!



## ÚRVAL AF VÖÐLUPÖKKUM

Guideline & Wychwood
VERÐ FRÁ 24.950,-



## GUIDELINE LAXÁ

TILBÚINN TVÍHENDUPAKKI

- 12.6' #8/9, 13.7' #9/10
- FAVO fluguhjól
- Multi-tip lína
- Sökkendi S3
- Hólkur

VERÐ FRÁ
**KR 49.850,-**



## KORKERS VÖÐLUSKÓR

Fyrir þá sem vilja bara það besta!
VERÐ FRÁ 27.290,-




**UPPFÆRÐU VÖÐLUPAKKANN MEÐ KORKERS**
**15% afsláttur** af Korkers vöðluskóm ef þú uppfærir og breytir vöðlupakkanum með Korkers.
FYRIR ÞÁ SEM VILJA ÞAÐ ALLRA BESTA

## ALFA + & INFINITY FLUGUHJÓLIN

Hágæða Finnsk hönnun & framleiðsla
VERÐ FRÁ 28.950,-

Allir sem versla sér flugustöng frá Wychwood eða Guideline eiga þess kost að fá sér hjól frá Alfa á **20% afslætti**!



VÖNDUÐU FLUGUVEIÐIVÖRURNAR - MÖGULEGA BESTA VERÐIÐ Í BÆNUM

HLÍÐASMÁRI 13
201 KÓPAVOGUR
SÍMAR: 833 6440 / 833 6441
Opið virka daga frá 16:00 til 20:00
Laugardaga opið frá 11:00 til 16:00

info@flugubullan.is
http://www.flugubullan.is
facebook.com/flugubullan/

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Gengur í suðaustankalda með rigningu sunnan- og vestanlands, annars heldur hægari og víða síðdegisskúrir. Dregur úr vindi og úrkomu um kvöldið. Hiti 9 til 18 stig að deginum, hlýjast norðan- og austanlands.




## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 10° | 8° |
| ↘ 3 | ↙ 4 | ↓ 5 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 10° | 14° | 8° |
| ↓ 6 | ↘ 8 | ↓ 6 |

## Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 12° | 9° | 11° |
| ↙ 2 | ← 4 | ← 4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 10° | 10° | 9° |
| ↙ 3 | ← 8 | ↑ 5 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | | | | 9 | | | |
| 1 | 3 | 8 | | 4 | 7 | 2 | | |
| | 7 | | | | 1 | | 4 | |
| 6 | 4 | 1 | | | | 3 | | |
| | | 2 | | | | | | |
| 8 | | | | 2 | 5 | | 1 | |
| 7 | 8 | | | 1 | | | 9 | |
| | | | 9 | | | 8 | | |
| 9 | | 4 | 8 | | 2 | | 7 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | | 8 | | 2 | 1 | |
| | 2 | | 7 | | 4 | 3 | | |
| | 3 | | 5 | | | | | 9 |
| 9 | 4 | | | 2 | | | | |
| | | 7 | 3 | 4 | | | | |
| | 6 | | | | | | | |
| 6 | | | 1 | 7 | | 5 | | |
| 4 | | | | | | | | 1 |
| | 5 | | | | | 9 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 3 | 4 |
| 7 | | 6 | | | | 5 | 1 | |
| | | | | | 1 | | | 7 |
| | 5 | 9 | 4 | | | | | 1 |
| | | | 9 | 3 | | 6 | | |
| | 2 | | | | | | | |
| | | | | 9 | | 7 | 4 | 2 |
| | | 5 | | 6 | | 9 | | |
| 3 | | | 8 | | 7 | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. snúa
5. samtök
6. íþróttafélag
8. amlóði
10. ekki
11. samræða
12. þvaður
13. ríki í arabíu
15. nálægð
17. flugfar

**LÓÐRÉTT**
1. smyrsl
2. tré
3. tala
4. afhending
7. draumsjón
9. lag
12. dansleikur
14. rangl
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** **1.** venda, **5.** así, **6.** fh, **8.** skussi, **10.** ei, **11.** tal, **12.** bull, **13.** íran, **15.** nálgun, **17.** flaug.
**LÓÐRÉTT:** **1.** vaselín, **2.** eski, **3.** níu, **4.** afsal, **7.** hilling, **9.** stunga, **12.** ball, **14.** ráf, **16.** uu.

## Skák Gunnar Björnsson

Rubinstein átti leik gegn Hirschbein í Lodz árið 1927.

**Hvítur á leik**

**1. Hxd7! Bxd7 2. Rf6+ Kf8 3. Rd5! 1-0.** Forsetakosningar FIDE fara í byrjun október. Á www.skak.is má finna tengil í viðtal við skákpistlahöfund á Morgunvakt Rásar 1 í gær þar sem fjallað er um komandi forsetakosningar.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 5 | 3 | 1 | 9 | 6 | 7 | 8 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 4 | 8 | 1 | 3 | 5 |
| 8 | 1 | 3 | 6 | 5 | 7 | 9 | 2 | 4 |
| 6 | 7 | 9 | 1 | 8 | 2 | 5 | 4 | 3 |
| 1 | 8 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 | 6 | 9 |
| 3 | 5 | 4 | 7 | 9 | 6 | 8 | 1 | 2 |
| 4 | 9 | 1 | 5 | 6 | 3 | 2 | 8 | 7 |
| 7 | 3 | 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 5 | 6 |
| 5 | 2 | 6 | 8 | 7 | 4 | 3 | 9 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 9 | 2 | 7 | 1 | 4 | 8 | 6 | 5 |
| 7 | 8 | 4 | 6 | 5 | 2 | 9 | 1 | 3 |
| 1 | 5 | 6 | 8 | 9 | 3 | 7 | 4 | 2 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 5 | 7 | 1 |
| 9 | 6 | 1 | 2 | 7 | 5 | 3 | 8 | 4 |
| 4 | 7 | 5 | 1 | 3 | 8 | 6 | 2 | 9 |
| 8 | 1 | 7 | 3 | 2 | 9 | 4 | 5 | 6 |
| 5 | 2 | 3 | 4 | 6 | 7 | 1 | 9 | 8 |
| 6 | 4 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 | 3 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 1 | 6 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 |
| 6 | 2 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 9 | 5 |
| 7 | 8 | 9 | 5 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 |
| 3 | 6 | 7 | 4 | 9 | 2 | 5 | 1 | 8 |
| 8 | 4 | 2 | 1 | 5 | 6 | 3 | 7 | 9 |
| 9 | 1 | 5 | 3 | 8 | 7 | 4 | 2 | 6 |
| 1 | 3 | 4 | 7 | 6 | 8 | 9 | 5 | 2 |
| 5 | 9 | 6 | 2 | 3 | 1 | 8 | 4 | 7 |
| 2 | 7 | 8 | 9 | 4 | 5 | 6 | 3 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið



**Systkini gera spennandi tilraunir**
**Viktoría Elíasdóttir** og **Ólafur Elíasson** slá upp veislu sem verður hlaðborð matar og viðburða.

**Mættur aftur til leiks**
Leikmaður meistaraflokks KR **Björgvin Stefánsson** misnotaði róandi lyf og fékk stuðning félagsins til bata.





**Lesa heimspeki og horfa á Netflix**
**Svanur** og **Tindur** voru heimilislausir en búa nú í Viðinesi. Þeir hafa sett niður kartöflur og una sér vel.

**Stærsta ferðahelgi ársins**
**Stærstu hátíðirnar** og góð ferðaráð.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**

# FRÉTTIRNAR ERU Á FRETTABLADID.IS

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Fylgstu með á frettabladid.is




Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

FRÉTTABLAÐIÐ MENNING

# Uppskeruhátíð sólósenunnar

**Elfar Logi Hannesson er stofnandi og listrænn stjórnandi Act alone. Hátíðin verður haldin á Suðureyri 9.-11. ágúst.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Einleikjahátíðin Act alone verður haldin í fimmtánda sinn á Suðureyri við Súgandafjörð, 9.-11. ágúst. Elfar Logi Hannesson er stofnandi og listrænn stjórnandi hátíðarinnar. „Hátíðin var haldin í fyrsta sinn árið 2004, sama ár og Aldrei fór ég suður. Hátíðirnar eru jafngamlar og komnar á unglingsár og það er ókeypis á þær báðar,“ segir hann.

Spurður um aðdraganda þess að hann fékk þá hugmynd að halda einleikjahátíð segir Elfar: „Ég er svo einfaldur að ég er með einleiki á heilanum. Ég bjó lengi í bænum og harkaði sem leikari en þegar ég flutti vestur um aldamótin 2000 komst ég að því að ég er eini starfandi leikarinn á Vestfjörðum sem býr þar árið um kring. Þá kom ekkert annað til greina en að setja upp einleiki. Ég gerði fyrst einleik um Mugg og svo um Stein Steinarr. Fólk skildi ekki alveg hvað einleikur var og hvort það væri eitthvað merkilegt við hann þannig að í staðinn fyrir að útskýra það ákvað ég að halda einleikjahátíð. Hún á að útskýra þetta enda hef ég ekki verið spurður mikið um þetta síðan.“

Act alone hátíðin var haldin í fyrsta sinn á Ísafirði árið 2004 og var þar allt til ársins 2011. „Þá hringdi eigandi Fisherman á Suðureyri, sem er hugsjónafyrirtæki, og spurði hvort ekki væri ráð að koma þangað. Það var ákveðið og síðan hefur hátíðin stækkað á alla kanta. Það er ekki sjálfgefið að íbúar hleypi stórum hópi inn á gafl til sín og þetta er nánast eins og innrás í lítið fallegt sjávarþorp. Sem betur fer hafa íbúar tekið þeirri innrás fagnandi, hafa umfaðmað hátíðina og sækja hana afskaplega vel.“

### Jón Viðar á hverri einustu hátíð

Hátíðin er ætíð vel sótt og margir leggja henni lið. Elfar nefnir sérstaklega aðkomu Jóns Viðars Jónssonar, leiklistarfræðings og gagnrýnanda. „Jón Viðar hefur verið viðloðandi þessa hátíð frá því hann hélt fyrirlestur þar og tilkynnti áhorfendum að honum þættu einleikir afskaplega leiðinlegir. Hann hefur komið á hverja einustu hátíð og var stjórnarformaður um tíma,“ segir Elfar.

„Á þessari hátíð er reglan sú að menn verða að vera einir á sviðinu eða einir við listsköpunina,“ segir Elfar. „Fyrst var hátíðin hugsuð fyrir leikhúsverk, en svo hefur hugmyndin þróast og nú eru þarna einnig dans, tónlist, myndlist og ritlist. Hátíðin er uppskeruhátíð sólósenunnar.“

**FÓLK SKILDI EKKI ALVEG HVAÐ EINLEIKUR VAR OG HVORT ÞAÐ VÆRI EITTHVAÐ MERKILEGT VIÐ HANN ÞANNIG AÐ Í STAÐINN FYRIR AÐ ÚTSKÝRA ÞAÐ ÁKVAÐ ÉG AÐ HALDA EINLEIKJAHÁTÍÐ.**

### Hugsað út fyrir boxið

Margt er til skemmtunar á hátíðinni í ár. Þar er Kristín Ómarsdóttir skáld ársins og les úr verkum sínum með áherslu á leikhúsverkin. „Við sýnum þrjú einleiksverk, eitt á ensku, The Pain Tapestry, svo erum við með Jörund Ragnarsson sem sýnir afskaplega skemmtilegan einleik sem heitir Griðastaður og ung og efnileg leikkona, Ebba, sýnir verk sem heitir Guðmóðirin. Það er þannig verk að það þarf að sýna á miðnætti, en þar er hressilegt orðbragð. Þar sem þetta er fjölskylduhátíð er betra að börnin séu úti í tjaldi meðan á flutningnum stendur,“ segir Elfar.

„Við erum ekki með eins marga einleiki í ár og stundum áður og þurftum því að hugsa aðeins út fyrir boxið og ákváðum að hafa fókusinn á tónlist. „Pétur Örn, sem kallar sig Jesú, hefur hátíðina með söng og gamanmálum. Einnig koma fram Helga Möller, Jón Jónsson og Siggi Björns frá Flateyri sem kippir með vinkonu sinni, þýsku söngkonunni Franzisku Günther, sem er nýstirni í Berlín. Svo mætir Ómar Ragnarsson sem verður með uppistand og gamanmál og stjórnar fjöldasöng. Svo er ýmislegt annað bráðskemmtilegt á dagskrá.“




**„Ég er svo einfaldur að ég er með einleiki á heilanum,“ segir Elfar Logi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORSTEINN



**Jóhanna Elísa útskrifaðist úr FÍH í fyrra.** MYND/SIGURJÓN RAGNAR

## Syngur bæði eigin lög og annarra

Kvartett Jóhönnu Elísu kemur fram á tónleikum sumarjazztónleikaraðar Jómfrúarinnar við Lækjagötu á morgun, 4. ágúst. Söngkonan, Jóhanna Elísa Skúladóttir, kveðst syngja þar nokkur djasslög eftir sjálfa sig, þau séu undir suðuramerískum áhrifum, hún semji bæði djassskotna tónlist og popp. Þjóðlagadjass er líka á dagskránni, einkum sænskur. „Ég tek nokkur lög með Moniku Zetterlund,“ segir Jóhanna Elísa sem kveðst hafa verið í skiptinámi í djassdeildinni í Gautaborg þegar hún var í FÍH og þar smitast af sænskum djassi.

Með Jóhönnu Elísu leika bróðir hennar, Ingi Bjarni Skúlason, á píanó, Sigmar Þór Matthíasson á kontrabassa og Skúli Gíslason á trommur. Tónleikarnir fara fram utandyra á Jómfrúartorginu. Þeir hefjast klukkan 15 og standa til 17. Aðgangur er ókeypis. **– gun**

## Setjum á okkur kynjagleraugun, það þýðir ekkert annað

Hún er heiti efnisskrár sem hinn margverðlaunaði kammerhópur Nordic Affect flytur í Skálholti á morgun, 4. ágúst, klukkan 16. Hún varpar ljósi á þátt kvenna í tónlistarsögunni og þar verður leikin barokktónlist á upprunahljóðfæri. Ókeypis er inn eins og á aðra viðburði sem tilheyra Sumartónleikum í Skálholti.

„Við ætlum meðal annars að spila tónlist sem var skrifuð fyrir gömbuhljóðfæri sem fundið var upp í Frakklandi fyrr á öldum af því að konur máttu ekki spila á fiðlu. Það þótti svo ókvenlegt að lyfta handleggjum svona hátt upp. Gömbuhljóðfærið var lausn á því vandamáli,“ útskýrir Halla Steinunn Stefánsdóttir, ein kvennanna í Nordic Affect. Hún segir þær stöllur setja á sig kynjagleraugun, það þýði ekkert annað.

„Í fyrra kom út greinargerð um verkefnaval sinfóníuhljómsveitarinnar í Kaupmannahöfn síðustu þrjú ár á undan. Af kammertónlist áttu karlar 99,9% verkanna og þegar kom að samtímatónlist voru konur komnar upp í 14,2%,“ lýsir Halla Steinunn og segir ekki duga að sofa á verðinum. „Rannsóknir sýna að konur komu að tónlist á ýmsa vegu gegnum aldirnar og við skoðum tónlistarflytjendur, tónskáld, útgefendur, nótnaritara og frú óþekkta.“

Dagskráin Hún verður endurtekin á sunnudaginn, 5. ágúst, klukkan 14. Sama dag, klukkan 16, flytur Nordic Affect efnisskrána Fjórar fabjúlöss, með nýjum verkum eftir staðartónskáld Sumartónleikanna, þær Báru Gísladóttur og Bergrúnu Snæbjörnsdóttur, auk verka eftir víetnamska tónskáldið Luong Hue Trinh og Veronique Vöku frá Kanada.



**Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir sellóleikari, Guðrún Óskarsdóttir semballeikari og fiðluleikararnir Antina Hugosson og Halla Steinunn Stefánsdóttir skipa Nordic Affect. Þær ætla að varpa ljósi á þátt kvenna í tónlistarsögunni.**

Halla Steinunn er tengiliður milli tónskáldanna fjögurra. „Við í Nordic Effect pöntum stundum verk og það vildi svo skemmtilega til að ég var búin að vera í sambandi við Báru, Bergrúnu og Veronique Vöku. Svo komst ég í kynni við Luong Hue Trinh sem er eitt af tíu samtímatónskáldum frá Víetnam og bað hana um sólóverk. Þarna var komin fjölbreytt efnisskrá fyrir Skálholt,“ segir hún og tekur fram að tónskáldin fari ólíkar leiðir. „Innblásturinn bak við verk Vöku er íslensk landslagsljósmynd, Bergrún vinnur með ljós og þróar sérstaka nótnaskrift, verk Báru er húmorískt, fallegur trilluheimur þar og sólóverkið hennar Luong er unnið út frá ljóðinu og sögunni Móðir mín í kví kví. Ég fæ bæði að spinna þar og fara með orð.“ **gun@frettabladid.is**

Frjáls framlög

SAMFERÐA
GÓÐGERÐARSAMTÖK

enginn kostnaður!

# VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

907 1081 – 1.000 kr.
907 1083 – 3.000 kr.
907 1085 – 5.000 kr.
907 1090 – 10.000 kr.



Þú finnur okkur á Facebook – ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

www.facebook.com/samferdafoundation



**Í Skálholti koma fram Sólveig Thoroddsen hörpuleikari og lútuleikarinn Sergio Coto Blanco, sem er fæddur á Kosta Ríku. Sólveig og Sergio starfa bæði í Þýskalandi og eiga að baki langt nám í sögulega upplýstum tónlistarflutningi. Efnisskrá þeirra spannar þrjár aldir, elstu verkin frá 14. öld, en einnig flytja hljóðfæraleikararnir eigin útsetningar á íslenskum þjóðlögum.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Hvað Hvenær Hvar Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 3. ÁGÚST 2018

### Viðburðir

**Hvað?** Teikning á Oddsson
**Hvenær?** 19.50
**Hvar?** Oddsson, Hringbraut
Byrjandi eða lengra kominn skiptir ekki máli, taktu bara með þér teikniblokk og blýant, fáðu þér liveDrawing HappyHour bjór (600 kr.) á barnum og komdu að teikna!

**Hvað?** Salsapartí
**Hvenær?** 23.50
**Hvar?** Kofi Tómasar frænda, Laugavegi

**Hvað?** The Tension of Things Unsaid
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Listastofan, Hringbraut 119

**Hvað?** Fræðslugöngur landvarða frá Malarrifi
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Gestastofa á Malarrifi
Fræðsluganga landvarðar byrjar við Gestastofu á Malarrifi. Gengið er út að Lóndröngum og endar gangan við salthúsið. Verið klædd eftir veðri og vel skóuð.
Ferðin tekur um 1-1,5 klst.

**Hvað?** The Terminator
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís
Tortímandinn mætir í Bíó Paradís með þau Arnold Schwarzenegger, Lindu Hamilton og Michael Biehn í aðalhlutverki.

**Hvað?** Frá móður til dóttur – frá dóttur til móður
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Listasalur Mosfellsbæjar
Frá móður til dóttur – frá dóttur til móður er heiti sýningar Jóníar Jónsdóttur og Sigurlínu Jóhannsdóttur sem verður í Listasal Mosfellsbæjar 3. ágúst til 7. september 2018. Jóní Jónsdóttir er fædd árið 1972 og býr og starfar í Reykjavík. Hún nam myndlist við skúlptúrdeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Konunglega listaháskólann í Kaupmannahöfn. Hún hefur haldið fjölmargar listsýningar og unnið við leik- og danssýningar. Jóní er einn af stofnendum Gjörningaklúbbsins sem hefur undanfarin 22 ár unnið með flesta miðla á sviði myndlistar. Sigurlína er móðir Jóníar. Hún er fædd árið 1952 og býr og starfar í Mosfellsbæ. Lína er fimm barna móðir, hefur unnið á fjölmörgum stöðum í Mosfellsbæ og er þar þekkt andlit. Sýningin er tileinkuð henni.

### Tónlist

**Hvað?** Queer punk and dark drama
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kiki, Laugavegi 22

**Hvað?** Tónleikar með Mark Damisch
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norræna húsið
Þetta er í annað sinn sem Mark Damisch heimsækir Norræna húsið og spilar fyrir gesti. Tónleikarnir eru ókeypis og eru allir velkomnir. Mark Damisch er bandarískur píanóleikari. Hann byrjaði tónlistarmenntun sína á orgeli í tónlistarháskólanum í Evanston þegar hann var aðeins fjögurra ára. Þegar hann var 7 ára spilaði hann á sínu fyrstu tónleikum. Árið 1974, þegar Mark var enn unglingur, tók hann þátt í röð tónleika í Evrópu sem píanóleikari og sem söngvari í drengjakór Vínaborgar. Á meðan Mark var á tónlistarferð í Mirabels-garðinum í Salzburg fékk hann þá hugmynd að hefja tónlistarferil sinn einleikari. Allar götur síðan hefur Mark Damisch spilað á píanó og skipulagt tónleika um allan heim. Árið 1980-81, á meðan Mark lærði lögfræði, skipulagði hann röð tónleika til góðgerðamála fyrir lögmannsaðstoð í Chicago. Hann hefur fram til dagsins í safnað yfir einni milljón Bandaríkjadala fyrir mörg góðgerðarsamtök um allan heim.



**Sjálfur Arnold Schwarzenegger mætir í Bíó Paradís sem Terminator í þeirri stórkostlegu, samnefndu kvikmynd.**

**Hvað?** Scott Hildebrand
**Hvenær?** 01.00
**Hvar?** Drunk Rabbit, Austurstræti

**Hvað?** Killer Girls
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Dillon, Laugavegi 30

**Hvað?** Opið svið
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Fiskihúsið, Hafnargötu, Grindavík
Opið svið verður á Fish House í Grindavík föstudagskvöldið um verslunarmannahelgina, 3. ágúst. Fjörið hefst kl. 22.00 og stendur til kl. 01.00. Þetta verður hvorki meira né minna en í 37. sinn sem Opið svið er haldið í Grindavík. Síðast var frábær stemning og fullt hús en viðburður þessi hefur notið fádæma vinsælda. Frítt er inn eins og alltaf og allir hjartanlega velkomnir. Að vanda ætlar hljómsveitin 3/4, þeir Halldór Lárusson trommuleikari, Ólafur Þór Ólafsson gítarleikari og Þorgils Björgvinsson alltmöguleikari, að leika allt mögulegt og ómögulegt og er gestum velkomið að taka þátt, syngja, leika, dansa, spjalla eða leysa lífsins vanda.

**Hvað?** Sumartónleikar í Skálholtskirkju
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Skálholtskirkja
Sungið á strengi. Sólveig Thoroddsen og Sergio Coto Blanco leika verk eftir John Dowland, Orlando di Lasso, Giovanni Antonio Terzi og Giovanni Maria Trabaci, auk eigin útsetninga á Íslenskum þjóðlögum.

**Hvað?** Eurovision í öðru ljósi
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Brúarás, Borgarnesi
Rakel Páls söngkona og Biggi Þóris píanóleikari mæta í Brúarás – Geo Center og flytja þekkt Eurovision lög og setja þau í nýjan búning. Lögin eru handvalin úr hinni stóru fjársjóðskistu aðalkeppni Eurovision, en einnig fá nokkur gullkorn úr íslensku undankeppnunum að njóta sín. Opið verður fyrir veitingar til kl. 21.00. Borðapantanir í síma 8641394 eða á bruaras@geocenter.is

**Hvað?** Meiriháttar harmóníkuhátíð.
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Borg í Grímsnesi
Dansleikir föstudag, laugardag og sunnudag sem byrja kl. 21.00. Tónleikar kl. 14.00 með Bodö Trekkspilklubb á laugardag og samspil á svæðinu eftir kl. fjögur. Allir velkomnir.

# ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?



**Kíktu inn á atvinnuvef Fréttablaðsins og JOB.is**
á atvinna.frettabladid.is eða á www.job.is

**Glæný og fersk störf í hverri viku.**

FRÉTTABLAÐIÐ.IS Job.is




**ASÍSKI DRAUMURINN**
KL. 19:25
Endursýnum þessa stórskemmtilegu þætti þar sem tvö lið þeysast um Asíu í kapphlaupi við tímann og freista þess að safna stigum með því að leysa ævintýralegar og afar fjölbreyttar þrautir. Liðin eru mönnuð snillingunum Audda, Pétri Jóhanni, Steinda og Sveppa.




**Frábær föstudagur**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**



**DUPLICITY**
KL. 20:00
Myndin fjallar um breska MI6-útsendarann Ray og CIA-leyniþjónustukonuna Claire sem hafa bæði yfirgefið heim hinnar opinberu leyniþjónustu og fært sig yfir í einkageirann en það er ýmislegt sem truflar þau á framabrautinni.



**MAUDIE**
KL. 22:05
Sönn saga Maud Lewis sem þjáðist af slæmri gigt frá unga aldri en það aftraði henni ekki frá því að mála stórkostlegar náttúrulífsmyndir og var lífshlaup hennar stórmerkilegt. Myndin hefur fengið fjölda verðlauna á ýmsum kvikmyndahátíðum.

**AMERICAN ULTRA**
KL. 22:00
Myndin fjallar um mann sem vinnur sem næturafgreiðslumaður og veit ekki að hann er í raun þrautþjálfaður sérsveitarmaður sem hefur verið dáleiddur.



Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr.
**stod2.is**




# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Blíða og Blær
**07.25** Strákarnir
**07.50** Tommi og Jenni
**08.10** The Middle
**08.30** Ellen
**09.10** Bold and the Beautiful
**09.30** Doctors
**10.15** Restaurant Startup
**11.00** The Goldbergs
**11.20** Veistu hver ég var?
**12.10** Feðgar á ferð
**12.35** Nágrannar
**13.00** Eddie the Eagle
**14.45** Ordinary World Gamanmynd með tónlistarívafi sem segir frá tónlistarmanninum Perry Miller sem þrátt fyrir að eiga góða konu og tvö dásamleg börn hugsar oft með söknuði um hvernig líf hans hefði þróast ef hann hefði haldið áfram í rokkinu í stað þess að festa ráð sitt. Á fertugasta afmælisdegi sínum verður hann síðan fyrir miklum vonbrigðum þegar eiginkonan gleymir því að hann á afmæli. Svo fer að til að lyfta sér upp afræður hann að kalla saman félaga sína úr The Skunks og fá úr því skorið í eitt skipti fyrir öll hvort endurkoma á sviðið sé málið.
**16.20** Satt eða logið
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.50** Sportpakkinn
**19.00** Fréttayfirlit og veður
**19.05** Modern Family
**19.30** Asíski draumurinn Hörkuspennandi og skemmtilegir þættir um tvö lið sem þeysast um Asíu í kapplaupi við tímann og freista þess að safna stigum með því að leysa ævintýralegar og afar fjölbreyttar þrautir eins og t.d. að fara í hæsta teygjustökk í heimi, skjóta úr basúku og fara í zombiegöngu til að safna stigum. Liðin eru mönnuð snillingunum Audda, Steinda, Sveppa og Pétri Jóhanni.
**20.05** Duplicity
**22.10** Maudie Vönduð mynd frá 2016 með Ethan Hawke og Sally Hawkins í aðalhlutverkum. Myndin segir frá einum þekktasta listmálara Kanada, Maud Lewis, sem heillaði landa sína með litríkum náttúru- og dýramyndum sem hún seldi fyrir framan litla húsið sem hún bjó í ásamt eiginmanni sínum í bænum Digby á Nova Scotia. Maud, eða Maudie eins og hún var ætíð kölluð, fæddist árið 1903 og lést árið 1970, 67 ára að aldri. Frá unglingsaldri stríddi hún við slæma gigt sem gerði henni erfitt um gang en aftraði henni ekki frá því að mála myndir af því sem í kringum hana var hverju sinni. Lífshlaup hennar er stórmerkilegt og þá ekki síður lífshlaup eiginmannsins Everetts.
**00.10** 2 Guns
**02.00** My Cousin Rachel
**03.45** Whitney Cummings: I'm Your Girlfriend
**04.45** Eddie the Eagle

## STÖÐ 2 SPORT

**07.35** Valur - Santa Coloma
**09.15** FH - Hapoel Haifa
**10.55** Baltimore - Chicago Bears
**13.15** ÍBV - KA
**14.55** Víkingur - Stjarnan
**16.35** Pepsi-mörkin 2018
**17.55** Pepsi-mörk kvenna
**18.55** Reading - Derby
**21.00** FH - Hapoel Haifa
**22.40** Búrið
**23.15** Goðsagnir - Steingrímur Jó

## STÖÐ 3

**19.15** Kevin Can Wait
**19.35** Last Man Standing
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** The Simpsons
**21.15** American Dad
**21.40** Bob's Burgers
**22.05** Silicon Valley
**22.35** Schitt's Creek
**23.00** Mildred Pierce
**00.40** Last Man Standing
**01.05** Seinfeld
**01.30** Friends
**01.55** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Rasmus Klumpur
**08.55** Lalli
**09.00** Strumparnir
**09.25** Ævintýraferðin
**09.37** Hvellur keppnisbíll
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Stóri og litli
**10.13** Tindur
**10.23** K3
**10.34** Mæja býfluga
**10.46** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Rasmus Klumpur
**12.55** Lalli
**13.00** Strumparnir
**13.25** Ævintýraferðin
**13.37** Hvellur keppnisbíll
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Stóri og litli
**14.13** Tindur
**14.23** K3
**14.34** Mæja býfluga
**14.46** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Rasmus Klumpur
**16.55** Lalli
**17.00** Strumparnir
**17.25** Ævintýraferðin
**17.37** Hvellur keppnisbíll
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Stóri og litli
**18.13** Tindur
**18.23** K3
**18.34** Mæja býfluga
**18.46** Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn
**19.00** Hanaslagur



Mörgæsirnar frá Madagaskar, 07.24, 11.24 og 15.24

## GOLFSTÖÐIN

**10.00** Ricoh Women's British Open
**17.05** Inside the PGA Tour
**17.30** WGC: Bridgestone Invitational
**22.30** Golfing World
**23.20** Playoffs Official Film
**06.00** WGC: Bridgestone Invitational

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.30** The Cobbler
**14.10** Absolutely Anything
**15.35** The Duff
**17.15** The Cobbler
**18.55** Absolutely Anything
**20.20** The Duff Gamanmynd frá 2015 sem fjallar um menntaskólanema sem hristir upp í goggunarröðinni í félagslífinu eftir að hún kemst að því að hún hefur fengið á sig stimpilinn Duff (Designated Ugly Fat Friend) af fallegri og vinsælli vinum sínum. Bianca hefur aldrei gert sér háar hugmyndir um sjálfa sig heldur bara reynt að vera góð persóna sem gerir rétt bæði gagnvart sjálfri sér og öðrum. Kvöld eitt er hún að tala við aðalgæjann í skólanum, hinn afar myndarlega Wesley, sem segir henni þá skoðun sína að ástæðan fyrir því að vinkonur hennar umbera hana sé að hún lætur þær líta betur út.
**22.00** American Ultra
**23.35** The Autopsy of Jane Doe Hrollvekja frá 2016 með Emily Hirsch og Brian Cox. Sheldon lögreglustjóri og hans fólk, klórar sér í höfðinu yfir líki ókunnugrar konu sem þau finna í kjallara húss, sem passar ekki vettvangi glæpsins.
**01.00** Camp X-Ray
**02.55** American Ultra

## RÚV

**08.15** Sund: Undanrásir
**11.20** Eyðibýli
**12.00** Blómabarnið
**12.50** Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2007-2008
**13.50** Í garðinum með Gurrý
**14.20** Óskalög þjóðarinnar
**15.10** Marteinn
**15.45** Sund: Úrslit
**17.55** Táknmálsfréttir
**18.05** KrakkaRÚV
**18.06** Froskur og vinir hans
**18.13** Rán og Sævar
**18.25** Íþróttagreinin mín - Taekwondo
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Fjörskyldan
**20.20** Grafhýsi Tútankamons
**21.10** Séra Brown
**22.00** Albúm
**23.00** Whiplash
**00.45** Íslenskt bíósumar: Frost
**02.05** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**11.35** Everybody Loves Raymond
**12.00** King of Queens
**12.25** How I Met Your Mother
**12.50** Dr. Phil
**13.35** Solsidan
**14.00** Amazing Hotels: Life Beyond the Lobby
**15.00** Family Guy
**15.25** Glee
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** America's Funniest Home Videos
**19.30** The Biggest Loser
**21.00** The Bachelorette
**22.30** Thor: The Dark World
**02.45** The Tonight Show
**03.25** Alice Through the Looking Glass
**05.20** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




*Kynntu þér* **Opel Crossland X** *og bókaðu reynsluakstur á* **crossland.opel.is**

**Sýningarsalir**
**Krókháls 9**, *Reykjavík, 590 2000*
**Njarðarbraut 9**, *Reykjanesbæ, 420 3330*

**Opnunartímar**
*Virka daga 9–18*

Bílabúð Benna

FRÉTTABLAÐIÐ
LÍFIÐ



## Gönguskór

Stærstu tískuhús í heimi eru komin á gönguskóvagninn og því um að gera að nota þessa helgi til að stökkva á hann líka. Praktískari skóbúnaður er vandfundinn, passar við allt.





## Smekkbuxur

Afslöppuð flík sem hentar vel í sveitaferðina. Hægt að klæða upp og niður en passa samt að maður sé ekki eins og ofvaxið barn. Líka hægt að fjárfesta í pollasmekkbuxum – eitthvað fyrir brekkusönginn í Eyjum?

# Útivistin í tísku fyrir verslunarmannahelgina

Nú er mesta ferðahelgi landsins fram undan og vel við hæfi að fara yfir hvaða flíkur og fylgihlutir Glamour spáir að verði vinsælir þessa helgina. Það er góð tilviljun að útvist hefur sjaldan verið jafn mikið trend og í ár og því vel hægt að klæða sig eftir veðri og vindum – og í tísku. Ekki gleyma að pakka þessum flíkum og fylgihlutum niður í tösku fyrir verslunarmannahelgina.









## Anorakkur

Hann er kominn aftur, anorakkurinn, og smellpassar við íþróttatísku ársins. Nú skal hann helst vera í litríkari kantinum og jafnvel má draga fram einhvern gamlan gullmola úr geymslunni.





## Sólgleraugu

Það verður að passa að gleyma ekki sólgleraugunum heima áður en maður leggur í hann. Í ár eiga þau að vera í minni kantinum og ekki skemmir fyrir ef þau eru með sportlegu ívafi.







## Veiðihatturinn

Þessi hattur heitir á ensku „bucket hat“ og við tengjum hann kannski einna helst við veiði. Þægilegur hattur sem skýlir fyrir regndropunum og setur skemmtilegan svip.

GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter

# TILBOÐ 1.990 kr.kg

## HUMARSÚPA



## LAXAFLÖK

2.990 kr.kg

FERSK OG/EÐA MARINERUÐ





Fiskikóngurinn
Sogavegi 3
Höfðabakka 1
Sími 555 2800

OPIÐ LAUGARDAG 10-15 Á SOGAVEGI 3

# HITAVEITUSKELJAR FRÁ ARCTIC SPAS



### YUKON

*5-7 manna*

**Lögun:** Ferköntuð. **Breidd:** 210x210 cm. **Dýpt:** 85 cm. **Lítrar:** 1700.

Kapteinssæti. 100% sjálfberandi skel. Flýtur vel yfir axlir. Byggt úr trefjaefni. Sterkt, slit og endingargott. Einfalt í uppsetningu.

**Verð: 380.000,-**



### TUNDRA

*6-8 manna*

**Lögun:** Ferköntuð. **Breidd:** 230x230 cm. **Dýpt:** 85 cm. **Lítrar:** 2200.

4 stk. forstjórasæti. 100% sjálfberandi skel. Hrikalegt fótapláss. Flýtur vel yfir axlir. Byggt úr trefjaefni. Sterkt, slit og endingargott. Einfalt í uppsetningu. Partýpotturinn.

**Verð: 550.000,-**



### FOX

*3-4 manna*

**Lögun:** Átthyrnt. **Breidd:** 166x210 cm. **Dýpt:** 85 cm. **Lítrar:** 1000.

Kapteinssæti. 100% sjálfberandi skel. Legubekkur. Flýtur vel yfir axlir. Byggt úr trefjaefni. Sterkt, slit og endingargott. Einfalt í uppsetningu.

**Verð: 320.000,-**



### CUB

*5 manna*

**Lögun:** Ferköntuð. **Breidd:** 210x210 cm. **Dýpt:** 85 cm. **Lítrar:** 1250. Kapteinssæti. Legubekkur. 100% sjálfberandi skel. Flýtur vel yfir axlir. Byggt úr trefjaefni. Sterkt, slit og endingargott. Einfalt í uppsetningu.

**Verð: 380.000,-**

## HEITIRPOTTAR.IS

Höfðabakki 1, við Gullinbrú | Sími 777 2000 | heitirpottar@heitirpottar.is















# Heimir þakkaði fyrir sig

**Heimir Hallgrímsson**, fyrrverandi landsliðsþjálfari í knattspyrnu, hringdi í stuðningsmannasveitina Tólfuna og þakkaði kærlega fyrir samstarfið. Formaður Tólfunnar segir þetta lýsa hversu fallegur Heimir sé, að innan sem utan.

> HANN ER AUÐVITAÐ GULL AF MANNI, ÞAÐ VITA ALLIR.

Heimir átti í einstöku sambandi við íslenska stuðningsmenn sem vakti mikla athygli heimsbyggðarinnar og voru því gerð góð skil í fjölmörgum þáttum og fréttum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heimir Hallgrímsson, fyrrverandi landsliðsþjálfari, þykir gull af manni og mætti þannig daginn eftir að hann lenti á Íslandi eftir átökin í Rússlandi með flautuna til að dæma á krakkamóti í Vestmannaeyjum.

Heimir átti í einstöku sambandi við stuðningsmenn íslenska landsliðsins og urðu fundir hans með stuðningsmönnunum á Ölveri heimsfrægir fyrir heimaleikina þar sem hann fór yfir hvað liðið ætlaði að gera í komandi leik. Aldrei brást traustið og mikil virðing skapaðist.

Heimir hringdi í nokkra stjórnarmenn Tólfunnar, trúlega alla án þess að það hafi fengist staðfest, og þakkaði fyrir samstarfið. Benjamín Hallbjörnsson, formaður Tólfunnar, segir að þetta lýsi Heimi vel.

„Við áttum gott spjall saman. Hann er auðvitað gull af manni, það vita allir og það var gaman að heyra í honum hljóðið. Við þökkuðum hvor öðrum fyrir þessi ár saman, en ég veit ekki hvort hann hafi hringt í fleiri, ég hef ekki verið í sambandi við alla eftir Rússland. Það er smá ládeyða eftir HM áður en næsta verkefni fer af stað. En þetta lýsir honum ágætlega, hann er svo fallegur að innan sem utan.“

Benjamín segir að það sé undir nýjum þjálfara komið að halda í þær hefðir sem Heimir skapaði. „Það er




Heimir sat í fjóra klukkutíma og perlaði með Tólfunni til styrktar Krafts. „Hann er einstök mannvera,“ segir Benjamín. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Benjamín Hallbjörnsson, formaður Tólfunnar.**

samtal sem við munum eiga við nýjan þjálfara. Þegar sambandið ræður einhvern þá verður gaman að eiga fund með þeim aðila og sjá hvernig stemningin er.“

Benjamín segir það vera mikinn heiður að hafa kynnst Heimi svona náið. Hann sé stoltur af því. „Hann er jarðbundinn og er elskaður og dáður hérlendis og erlendis. Hann er einstakur maður og gaman að fá að hafa kynnst honum og mikill heiður.

En nú er ég spenntur að sjá hvað sambandið mun bjóða upp á og taka í spaðann á nýjum þjálfara. Hvort hann sé þenkjandi fyrir svona hluti eins og Heimir skapaði því við viljum halda áfram. Hvort það verður er þjálfarans að segja. Vonandi, því þetta er góð hefð en það mun koma í ljós.“ **benediktboas@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

# FRÍSKANDI BRAGÐ!




WRIGLEY'S Extra®

FYRIR HREINAR OG
FRÍSKAR TENNUR

Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**
**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Þórarins Þórarinssonar




## Lítrahelgin

Eðlislæg andúð mín á fjöldasamkomum hefði dugað til þess að bjarga mér frá því að elta sturlaða hjörðina fyrstu helgina í ágúst í vonlausri leit að skemmtun í æðra veldi.

Mér var samt bannað það vegna þess að ég vann í sumarafleysingum á bensínstöðvum Essó öll unglingsárin. Þessi helgi er stórvertíð og sumarfólkinu var bannað að fá frí.

Staðan hlýtur að vera svipuð hjá ÁTVR þessa daga þegar milljón lítra stórfljót eldsneytis og áfengis knýr ógurlega virkjun eymdar, ógæfu, bömmera, rafmagnað brjálæði og falska gleði.

Tryllingurinn við dæluna hófst á fimmtudeginum og stigmagnaðist þangað til allt datt í dúnalogn eftir klukkan 17 á laugardeginum. Þetta var samt stuð og manni leiddist ekki eitt augnablik.

Leiðinlegasta manngerð sem til er, kúnnarnir sem aldrei hafa rétt fyrir sér, voru meira að segja ekki óþolandi. Helst  vegna þess að meirihlutinn var pöddufullur að rifja hástöfum upp leiðinlegustu lög Sálarinnar.

Örlæti fölsku söngfuglanna var jafnvel  slíkt að starfsmenn á plani lentu oft á hressilegu sjússafylliríi við dæluna. Djammið eftir laugardagsvaktina varð oft ansi villt. Ekkert að því þar sem enginn tók eftir því ef maður opnaði aðeins of seint á steindauðum sunnudeginum.

Þessi helgi er samt sama merkingarleysan og frídagurinn sem hún er kennd við en það er helst verslunarfólkið sem er fast í vinnunni og missir af meintri gleði.

Sjálfsagt enginn stórskaði skeður þar sem ég stend bjargfastur í þeirri trú að það sé skemmtilegra að vinna yfir verslunarfólkshelgina en að liggja hlandblautur og áfengisdauður með landabrúsa í kuldagallavasanum í regnvotum Herjólfsdal.





HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.



